



Barnadansar í fortíð og nútíð

Námsefni í þjóðdönsum fyrir grunnskólabörn

Hulda Sverrisdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Barnadansar í fortíð og nútíð
Námsefni í þjóðdönsum fyrir grunnskólabörn

Hulda Sverrisdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í náms-og kennslufræði
Leiðbeinendur: Helga Rut Guðmundsdóttir og Hanna
Ólafsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2015

Barnadansar í fortíð og nútíð.

Námsefni í þjóðdönsum fyrir grunnskólabörn.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.prófs við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2015 Hulda Sverrisdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, 2015

Formáli

Dans og danskennsla fyrir börn hefur verið áhugamál mitt og að hluta til starf mitt síðastliðin 25 ár. Það má segja að ég sé fædd inn í Þjóðdansafélag Reykjavíkur því þar kynntust foreldrar mínir, dönsuðu og störfuðu í fjöldamörg ár. Ég byrjaði fjögurra ára að æfa dans í barnaflokkum félagsins þar sem móðir mín, Kolfinna Sigurvinsdóttir, kenndi í mörg ár. Ég dansaði þar með jafnöldrum og einnig bæði með eldri og yngri börnum því ég var með móður minni á æfingum og hljóp oft í skarðið ef vantaði dansara. Einhverjir dansar og lög sem ég hef með í námsefni mínu eru frá þessu skemmtilega tímabili í lífi mínu. Sem unglingur dansaði ég með unglingahópum og svo í sýningarflokki félagsins og lærði fjöldamarga þjóðdansa og gamla dansa, íslenska sem og erlenda. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á dansi í menningu þjóða sem og búningum þeirra sem iðulega fylgja dönsunum. Nokkur dansmót hef ég sótt, aðallega á Norðurlöndunum en mikið samstarf var milli þjóðdansaflokka þar. Mér hefur alltaf þótt gaman að spá í ólíka dansa þjóðanna, sérkenni þeirra og tónlist.

Árið 1989, rúmlega tvítug, hóf ég nám í Kennaraháskóla Íslands og hafði strax þá í huga að geta tengt danskennslu inn í nám mitt og síðar starf. Ekkert slíkt var þó í boði þar á þeim tíma. Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni kenndi vissulega dans og á þeim tíma voru íþróttakennarar, sem og tónmenntakennarar, þeir sem helst kenndu dans í grunnskólum landsins. Ég hef alla tíð kennt dans samhliða bekkjarkennslu en sú ritgerð sem hér fer á eftir er tilraun mín til að svara fjöldamörgum spurningum sem á mig hafa leitað í gegnum danskennsluna.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa staðið með mér og styrkt mig með þetta verkefni. Fjölskyldu minni og vinnufélögum sem hafa hvatt mig áfram. Leiðbeinendunum, Hönnu fyrir að kveikja hjá mér hugmyndina að vinna þetta verk og Helgu Rut fyrir góðar ráðleggingar.

Ágrip

Viðfangsefni ritgerðarinnar er barnadansar og þjóðdansar með börnum hér á landi. Markmiðið er að leita svara við spurningunni hvað við vitum um þjóðdansa fyrir börn sem og að velta upp þeirri hugmynd hvort þjóðdansar séu menningararfur sem vert er að rækta. Skoðuð er saga dansa með börnum og leitast er við að svara spurningunni hvort dansar hafi verið samdir sérstaklega fyrir þau á öldum áður.

Heimilda var aðallega leitað í bókum og var að mestu takmörkuð við íslenskar heimildir og var efnið skoðað frá íslensku sjónarhorni. Fljótlega kom í ljós að mjög lítið hefur verið skrifað um dans fyrir börn hér á landi og flestar heimildir sem fjalla um dans fyrir börn eru frá því seint á síðustu öld. Tvö viðtöl voru tekin fyrir þessa ritgerð við konur sem hafa skoðað kvæði og dansa með börnum. Ritgerðinni fylgir hugmynd að þjóðlegu námsefni í dansi fyrir grunnskólabörn.

Námsefninu var safnað úr ýmsum heimildum og lagt upp með að það væri fjölbreytt og skemmtilegt, gamalt og nýtt samið í þjóðlegum stíl. Niðurstöðurnar eru þær að ekki er mikið vitað um þjóðdansa fyrir börn, líkast til voru ekki til sérstakir dansar fyrir börn fyrr en á síðustu öld. Börn og fullorðnir hafa samt að öllum líkindum aðlagð dansa svo þeir hentuðu börnum og jafnvel dansað einfaldar hreyfingar við barnavísur. Mikið er um að dansar hafi verið samdir fyrir börn á þessari öld og seint á þeirri síðustu. Þjóðdansar eru menningararfur sem vert er að geyma og rækta líkt og fornsögurnar eða þjóðvísurnar.

Abstract

Childrens dances in the past and present. Material in folk dances for elementary school

The project of this thesis is children's dances and folk dances with children in Iceland. The aim is to seek answers to the question what we know about folkdances for children as well as consider the idea whether folkdances are a cultural heritage worth preserving. The history of dance with children will be investigated and answers sought to the question whether dances were composed especially for children in earlier times.

Books were the main source of research and mostly limited to those written in Icelandic as the project was approached from an Icelandic perspective. Soon it became apparent that very little has been written about dance for children in Iceland and most sources including dance for children are since late last century. Two interviews were conducted, for the thesis, with women who have knowledge of nursery rhymes and dances with children. The thesis includes teaching material in folkdances for elementary school.

The teaching material in folk dances was collected from various sources with the aim that it would be diverse and entertaining, old and new composed in the style of folk dances. The conclusion of this thesis is that not much is known about folk dances for children. It is likely that there were no special dances for children until late last century. At least there is no evidence to be found in the written sources available, that special children's dances existed prior to the 20th century. One can only speculate that children and adults may have adjusted dances to suit children and perhaps they danced simple movements to children's songs and nursery rhymes. There are many dances composed for children in this century and late last century. Folk dances are a cultural heritage worth preserving and cultivating as well as the Sagas or traditional folk poems.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
1 Inngangur	9
1.1 Uppbygging ritgerðar	10
1.2 Hugtök og skilgreiningar	11
1.3 Sögulegar heimildir um dansa og þjóðdansa með þá spurningu í huga hver sé saga dansa og þjóðdansa fyrir og með börnum	13
1.3.1 Dansar fyrir börn áður fyrr	15
1.4 Námsgreinin dans og gildi dansmenntunar í almennri menntun barna	17
1.5 Dans í námskrám og áherslur á dans í þeim í gegnum tíðina	20
1.6 Tilurð og gildi námsefnisins	22
2 Heimildaleit og viðmælendur	25
3 Niðurstöður og umræður	29
4 Umfjöllun um dansana í námsefninu	32
5 Lokaorð	53
Heimildaskrá	54

1 Inngangur

Markmiðið með þessu verkefni er að leita svara við spurningunni hvað við vitum um þjóðdansa fyrir börn sem og að velta upp hugmyndinni hvort þjóðdansar séu menningararfur sem vert er að rækta. Upphaflega spurningin sem fyrir mér vakti var sú hvort til væru sérstakir þjóðdansar fyrir börn en þessi spurning hefur leitað á mig við kennslu mína undanfarin ár. Þegar ég hófst handa við lestur og heimildaleit kom fljótlega í ljós að lítið hefur verið skrifað um dans fyrir börn hér á landi og eru flestar heimildirnar sem til eru frá því seint á síðustu öld. Heimildaleit takmarkaði ég í fyrstu við íslenskar heimildir þar sem áhugi minn er fyrst og fremst sá að kanna efnið frá íslensku sjónarhorni. Þjóðdansar eru hluti af menningararfi okkar og í starfi mínu sem kennari, aðallega í grunnskólum og leikskólum, hef ég oft gripið til þeirra dansa og leikja sem ég lærði sjálf sem barn og unglingur. Á námsárum mínum tók ég að mér kennslu í barnadönsum hjá Þjóðdansa-félagi Reykjavíkur einn vetur og fékk góða aðstoð móður minnar, Kolfinnu Sigurvinsdóttur, sem hefur alla tíð verið minn aðal Mentor og leiðbeinandi í dansi og danskennslu. Þetta var skemmtileg og góð reynsla sem ég hef nýtt mér í danskennslu minni í leikskólum, grunnskólum og á fjölmörgum námskeiðum fyrir börn, unglunga, fullorðna og kennara, oftast með Kolfinnu.

Áhugi minn á að kynna þennan menningararf, þjóðdansa, nánar og varðveita hann hefur aukist með árunum. Kolfinna hafði í gegnum kennslu sína viðað að sér miklu efni, þýtt og samið dansa og gefið út nokkur danskennsluhefti og danskennslubækur. Árið 2000 ákváðum við að vinna saman að námsefnisgerð og gáfum sama ár út bókina *Danskennsla 1.-4.bekkur* en þar er sjónum beint að námsefni fyrir grunnskóla (Kolfinna Sigurvinsdóttir & Hulda Sverrisdóttir, 2000). Í þeirri bók eru 60 dansar, bæði íslenskir og erlendir, og eru þeir flokkaðir eftir því hvaða árgangi eða aldri við töldum þá henta best. Við vinnslu bókarinnar söfnuðust hjá okkur margir dansar sem við töldum of einfalda fyrir grunnskólabörn og afraksturinn varð ný bók fyrir leikskólabörn, *Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólabörn*, sem kom út árið 2002 (Kolfinna Sigurvinsdóttir & Hulda Sverrisdóttir, 2002). Sú bók vakti mikla lukku meðal leikskólakennara sem hafa alla tíð verið duglegir að syngja og dansa með nemendum sínum. Við fórum í marga leikskóla til að kenna kennurum dansa úr bókinni og í framhaldi af því hóf ég störf í leikskóla þar sem ég var verkefnastjóri í dansi, tónlist og hreyfingu á árunum 2003 - 2010. Þar öðlaðist ég mikla og

áhugaverða reynslu af að kenna börnum, allt niður í eins árs, dansa, hreyfileiki og tónlist. Árið 2008 kom út viðauki við *Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólabörn*, þar sem við lögðum nokkra áherslu á þjóðlög og dansa eða hreyfileiki við þau.

Þegar ég hófst handa við þetta verkefni byrjaði ég að skoða það sem væri nokkuð þjóðlegt með það í huga að safna efni og koma með hugmynd að þjóðlegu námsefni fyrir grunnskólabörn. Tilgangurinn var ekki síst sá að hafa á einum stað þjóðlega dansa sem henta grunnskólabörnum á yngsta stigi og miðstigi. Sumir dansarnir hafa ekki verið gefnir út áður en margir hverjir eru í bókum eða handritum sem eru ófánleg. Nokkrir dansanna eru í leikskólabókunum sem áður eru nefndar en það eru dansar sem henta vel elstu börnum leikskólans sem og yngstu börnum grunnskólans. Þá dansa hef ég notað mikið og vildi því hafa þá með í námsefni þessu. Dansana hef ég alla skráð að nýju, skráð nótur með þeim og úr hvaða heimildum þeir eru. Auk þess hef ég fundið ítarefni, myndbönd, tónlist og annað efni og kem með hugmyndir hvernig hægt er að vinna með þá eða tengja þá við annað námsefni.

Með orðinu þjóðlegt er vísað í skilgreiningu íslenskrar orðabókar að efnið sé í samræmi við arfleifð þjóðarinnar og alþýðlegt (Mörður Árnason, 2002: 1816). Í fyrstu vildi ég helst að höfundar dansanna væru ókunnir, þannig að í raun mætti kalla þá þjóðdansa, en erfitt reyndist þó að finna marga dansa eftir ókunna höfunda sem greinilega voru samdir fyrir börn eða hentuðu börnum. Því fannst mér, eftir því sem leið á, að það væri kannski ekki aðalatriðið að dansarnir væru mjög gamlir en ég vildi helst að þeir væru nokkuð þjóðlegir eða með einkennum þjóðdansa. Útkoman er hugmynd að námsefni sem mér finnst áhugavert og ég tel að henti til kennslu í grunnskóla, þá helst á yngsta stigi og miðstigi eins og áður hefur komið fram. Ég hef prófað dansana í námsefninu með nemendum mínum, auk þess marga aðra dansa, og hafði það einnig áhrif á endanlegt val mitt á dönsum. Hverjum dansi er lýst, við hann eru nótur og tónlist fylgir með á geisladiski. Ég veit af eigin reynslu að mikilvægt er að tónlist fylgi með danslýsingum svo efnið sé notað.

1.1 Uppbygging ritgerðar

Til að vinna námsefnið og styðja við það lagði ég upp með tvær spurningar: *Hvað vitum við um þjóðdansa fyrir börn?* og *Eru þjóðdansar menningararfur sem vert er að geyma?* Ég leitaði svara við spurningunum með heimildarýni, viðtölum við tvo aðila og með því að skoða námskrár og dans innan þeirra.

Viðfangsefnið er barnadansar og þjóðdansar með börnum og fyrir börn. Í fyrsta kafla er byrjað að skoða hugtök sem tengjast efninu. Næst er leitað í sögulegar heimildir um dansa og þjóðdansa með þá spurningu í huga hver sé saga dansa fyrir og með börnum. Þar á eftir er námsgreinin dans skoðuð og rætt um gildi dansmenntunar í almennri menntun barna. Í framhaldi eru aðalnámskrár skoðaðar og áherslur á dans í þeim í gegnum tíðina. Í lok kaflans verður rætt um tilurð og gildi námefnisins sem samið hefur verið fyrir þetta verkefni og útskýrt hvernig námsefnið byggir á þeirri fræðilegu þekkingu sem tengist viðfangsefninu. Í öðrum kafla er fjallað um heimildaleit og viðmælendur. Í þriðja kafla eru niðurstöður og umræður. Í fjórða kafla er umfjöllun um hvern dans í námsefninu og að lokum eru lokaorð.

1.2 Hugtök og skilgreiningar

Áður en lengra er haldið verða útskýrð þau hugtök sem mest eru notuð í verkefni þessu. Hugtökin eru þjóðdansar, þjóðlög og þjóðvísur.

Þjóðdans er alþýðlegur dans sem viðkomandi þjóð leggur oftast sérstaka rækt við (Mörður Árnason, 2002: 1815). Hugtakið þjóðdans er í raun ekki mjög gamalt og það var ekki fyrr en seint á 19. öld sem fræðimenn fóru að hafa áhuga á því að kynna sér þjóðdans. Það var 100 árum eftir að þeir fóru að skoða önnur þjóðleg menningarfyribæri (Cohen, 1998: 29). Áður höfðu orð eins og trúarlegur dans, þorpsdans, hefðbundinn dans, héraðsdans og önnur álíka verið notuð um þjóðdansa (Cohen, 1998: 31). Þjóðdans vísaði til dansa sem fundust í samfélögum fólks og margir fræðimenn töldu að dansarnir ættu uppruna sinn í helgisiðum og helgihaldi fyrri alda (Cohen, 1998: 31, Friedland, 1987: 215). Þjóðdansar bárust frá einni kynslóð til annarrar og voru oftast dansaðir af alþýðunni (Friedland, 1987: 215). Í Íslensku alfræðiorðabókinni er einnig sagt að þjóðdans sé dans sem hefur mótast meðal alþýðufólks. Þjóðdansar eiga rætur að rekja til fornra trúarathafna og hafa haft áhrif á aðra dansa, til dæmis hirðdansa 18. og 19. aldar og samkvæmisdansa (Dóra Hafsteinsdóttir, 1990: 567). Sigríður Þ. Valgeirsdóttir segir í bók sinni *Íslenskir söngdansar í þúsund ár* (2010: 34) að dansar hafi hér sem annars staðar borist manna á milli, frá einni kynslóð til annarrar, fyrst og fremst með hreyfiminni. Hreyfiminni er fræðilega nátengt mikilli reynslu af tilteknum hreyfingum sem kenndar eru öðrum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 34). Önnur leið til að flytja dansa á milli manna var svokölluð munnleg geymd sem er frásögn (af dansi) eldri kynslóða til þeirra yngri (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 34). Út frá þessum skilgreiningum er

gengið út frá því að þjóðdans sé dans alþýðunnar sem hefur borist frá einni kynslóð til annarrar. Dansinn hefur jafnvel tekið breytingum á þeirri leið.

Þjóðlög hafa lifað með okkur Íslendingum í margar aldir. Frægasti þjóðlagasafnari okkar er án efa Sr. Bjarni Þorsteinsson sem á árunum 1880 – 1905 safnaði þjóðlögum og gaf út hið merka rit *Íslensk þjóðlög* (Bjarni Þorsteinsson, 1906 – 1909). Samkvæmt Íslensku alfræðiorðabókinni (1990) er þjóðlag lag sem er ekki eftir tilgreindan höfund en hefur lifað og jafnvel breyst í munnlegri geymd kynslóð eftir kynslóð. Þar segir jafnframt að þjóðlög séu yfirleitt einföld að gerð og að í þeim varðveitist þjóðleg sérkenni sem eru ólík frá einu landi til annars. Einnig er sagt þar að íslensk þjóðlög séu mjög fornleg og ýmsir fræðimenn telji að í þeim hafi geymst einhver hin elsta og merkasta tónhefð sem þekkt sé meðal vestrænna þjóða. Það eigi einkum við um hinar fornlegu tóntegundir þeirra og tvísönginn (Dóra Hafsteinsdóttir, 1990: 569). Bjarni Þorsteinsson (1906 – 1909) segir að þjóðlög séu lög sem hafa myndast hjá þjóð, án þess að hægt sé að segja til um hvenær eða hvar, en einnig lög sem þjóð hefur gert að eign sinni með því að hafa þau lengi um hönd og sett á sinn sérstaka blæ jafnvel þó lögin séu upprunalega kominn frá annarri þjóð (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 1). Hann segir jafnframt að að sjaldan sé mögulegt að segja til um uppruna einstakra þjóðlaga. Stundum eru nöfn þeirra sem fyrstir fundu lögin upp gleymd og stundum sé það þannig að enginn einstakur maður hafi í raun fundið lögin upp heldur hafi þau myndast smátt og smátt hjá söngmönnum (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 3). Sérhver þjóð setur svo sinn einkennilega blæ á þjóðlög sín og telur þau sína eign (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 5). Niðurstaðan er því að þjóðlög eru lög sem hafa lifað meðal þjóðarinnar og hafa sín þjóðlegu sérkenni. Óvíst er um höfunda þeirra og hvaðan þau koma.

Þjóðkvæði er útskýrt svo í Íslenskri orðabók (2002) að það sé vísa eða kvæði eftir óþekktan höfund sem er ætlað til söngs. Það hefur varðveist á vörum alþýðu kynslóð eftir kynslóð. Einnig er sagt að það geti verið þjóðlag (Mörður Árnason, 2002: 1816). Þjóðvísa er hins vegar skilgreind sem stutt þjóðkvæði (Mörður Árnason, 2002: 1817). Í Íslensku alfræðiorðabókinni (1990) kemur einnig fram að þjóðkvæði séu vísur og kvæði sem eru ekki eftir tilgreindan höfund en hafa lifað og breyst í munnlegri geymd kynslóð eftir kynslóð; sungin, kveðin eða mælt fram. Þjóðkvæði hafa verið flokkuð eftir hlutverki þeirra í barnagælur, danskvæði, lausavísur, sagnakvæði, vikivakakvæði, leikkvæði og þulur svo eitthvað sé nefnt. Þjóðkvæði geta veitt vitneskju um siði og trú fólks á liðnum öldum en þau eru þó ekki áreiðanlegar heimildir um einstaka atburði (Dóra Hafsteinsdóttir, 1990: 569). Kvæði voru oft notuð sem leið til að koma á framfæri munnlegri hefð

sagna, þjóðtrúar og siða (Hreinn Steingrímsson, 2000: 23). Hér er gengið út frá því að þjóðvísur og kvæði séu eftir óþekktan höfund og hafi lifað og breyst í munnlegri geymd fólks. Þau geta sagt frá atburðum í lífi fólks þó þau séu ekki áreiðanleg heimild um þá. Í verkefni þessu er oftast notað orðið þjóðvísu í stað þjóðkvæði enda oftast um að ræða stutt kvæði ætluð börnum.

1.3 Sögulegar heimildir um dansa og þjóðdansa með þá spurningu í huga hver sé saga dansa og þjóðdansa fyrir og með börnum

Fyrsta heimild um dans á Íslandi er *Jóns saga helga* (Dóra Hafsteinsdóttir, 1990: 567). Jón varð biskup árið 1106 og virðist dans þá hafa verið farinn að tíðkast nokkuð hér á landi miðað við það sem kemur fram í sögu hans (Ólafur Briem, 1946: 377 - 378). Einnig er getið um dans á Íslandi á 12. og 13. öld í Biskupasögum og Sturlungu (Ólafur Briem, 1946: 378). Í bók sinni *„Íslensk leiklist I“* (1991) telur höfundurinn, Sveinn Einarsson, „ekki formlegar hindranir á“ að dans hafi borist til Íslands með landnámsmönnum og þeir kallað hann leik en ekki dans. Ekki finnast þó margar heimildir um þetta (Sveinn Einarsson, 1991: 73). Þjóðdansar voru dansaðir við söng allt fram á 18. öld, einkum á skemmtunum sem nefndust *„Gleði“* (Dóra Hafsteinsdóttir, 1990: 567). Skemmtanir þessar voru all tíðar á Íslandi á miðöldum og fram á 18. öld þegar þær voru bannaðar með dómi. Þar virðist fólk hafa fengið tækifæri til að stíga dans, læra dansa og jafnvel kenna öðrum dansa. Þar voru leikir, dansar og vikivakar (Um Alþing, 1842: 65). Veislur þessar voru oft haldnar um jól og gátu jafnvel staðið dögum saman. Þær voru stundum kallaðar vikivakar eftir samnefndum dansi sem gjarna var dansaður þar (Sigmundur Blöndal, 1933: 176). Vikivakadans er gott dæmi um íslenskan þjóðdans en hann er hringdans í jöfnum takti. Hann var algengur á 17. og 18. öld og dansaður við söng (vikivakakvæði) dansaranna sjálfra til dæmis á gleðum og öðrum hátíðum (Dóra Hafsteinsdóttir, 1990: 512). Helgi Valtýsson segir í bók sinni *Vikivakar og söngleikir* (1930) að vikivakar séu fornir söngdansar sem lifað hafa með Íslendingum síðan snemma á öldum Íslandsbyggðar og að minnsta kosti fram að aldamótum 1900. Hann telur að menn hafi jafnvel kunnað sporið, eða „haft hugmynd um það“ eins og hann orðar það, fram yfir 1874 enda hafi þá enn verið á lífi fólk sem hafði tekið þátt í *„Gleði“* eða heyrt foreldra sína segja frá því. Fólk hafi verið minnugt á þessháttar ekki síður en annan alþýðlegan fróðleik (Helgi Valtýsson, 1930: 3). Í þýðingu Jakobs Benediktssonar (1985) á bók Arngríms Jónssonar *Crymogæa* kemur fram að í vikivaka taki þátt karlar og konur sem ganga í

dansinn á víxl. Vikivaki sé ekki ólíkur *hormos* (hringdans) Spartverja (Arngrímur Jónsson, 1985: 148). Skemmtanir voru einnig kallaðar vökunætur og oft haldnar um jól og áramót. Þarna var bæði dansað og farið í vikivakaleiki (Gunnell, 1995: 149).

Dans var þó stígninn oftast en á skipulögðum skemmtunum. Kvöldvökur voru haldnar í baðstofum en í ýmsum heimildum kemur fram að fólk hafi dansað í baðstofum eða á bændabýlum sér til skemmtunar (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2007b: 89, Sigríður Þ. Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 19 og 129). Einn viðmælandi Sigríðar og Mínervu segist muna vel eftir að hafa sem barn sofnað uppi á baðstofulofti út frá dunandi dansi fólksins og dásamlegum ómi harmonikunar (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 129). Í bók Sigríðar Þ. Valgeirsdóttur, *Íslenskir söngdansar í þúsund ár* (2010) segir hún frá mörgum viðmælendum sem tala um að dansað hafi verið í heimahúsum. Þeir hafi lært dansa á heimilum sínum eða á heimilum vina. Þarna kemur líka fram að á síðasta hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar hafi verið nokkuð algengur siður til sveita að dansa heima eða hjá nágrönnum. Fólk sagðist oftast hafa lært dansa heima eða hjá vinum, af eldra fólki og var eldhúsið eða baðstofan nefnt sem æfingasvæði (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 26). Vísað er í viðtal við mann fæddan árið 1902 og segir hann frá balli í baðstofu. Hann segir að venjulega hafi nokkrir ungir menn staðið fyrir svona samkomu og boðið nokkrum því fjöldinn takmarkaðist við húsrýmið. Þetta var kallað að koma upp balli (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 26-27). Áhugavert er að þetta var svipaður háttur og hafður var á fyrri öldum þegar stofnað var til „*Gleði*“ (Sigfús Blöndal, 1933: 169). Fólk dansaði líka í kirkjum en víða í Evrópu var heimilt að dansa í kirkjum í kaþólskum sið (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 17). Sigríður Þ. Valgeirsdóttir segir í bók sinni *Íslenskir söngdansar í þúsund ár* að víða í Evrópu hafi dans verið hluti af trúariðkun fólks og geta megi sér þess til að svo hafi einnig verið hér á landi á fyrstu árum kristni þegar kaþólsk trú var hér ríkjandi (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 85). Hún talar einnig um tvö sálmalög sem dansað var við og þau hafi kannski þótt henta vel í kaþólskri messu þar sem fyrri öldum var leyfður dans við tilbeiðslu í kirkjum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 86). Í Þýskalandi og víðar um meginlandið eru til heimildir um söng og dans af einhverju tagi í kirkjum allt frá 7. öld (Sveinn Einarsson, 1991: 73). Sú staðreynd að dansarar sóttust eftir að skemmta sér í kirkjum bendir til að að söngur og dans hafi einnig tengst blóti og guðadýrkun, svo sem þekkt er hjá ýmsum öðrum þjóðflokkum og menn hafi jafnvel ósjálfrátt tengt slíkt hinum nýju kristnu hofum (Sveinn Einarsson, 1991: 73).

Dansleikir á öldum áður tengdust oft jólum og áramótum, tímum þar sem fólk kom saman og gat dansað saman. Upp úr 1890 var farið að huga meira að skemmtunum fyrir börnin. Barnaböll, jólatrésskemmtanir og álfadans urðu fastir liðir á Sauðárkróki (Kristmundur Bjarnason, 1969: 408). Fyrsta jólatrésskemmtunin sem vitað er um á Íslandi var haldin árið 1876 á vegum Thorvaldsen-félagsins fyrir fátæk börn í Reykjavík (Árni Björnsson, 1993: 362, 2006: 126). Á fyrri hluta 19. aldar var stofnaður klúbbur í Reykjavík sem hélt sex til átta dansleiki ár hvert auk barnadansleikja (Lýður Björnsson, 1978). Á seinni hluta 19.aldar er íslenskt þjóðfélag að breytast, algengara var að börn færu í skóla og meira var um mannfagnaði. Einnig fóru jólaskemmtanir að tíðkast. Allt þetta hjálpaði til að hægt var að fara í mannarga leiki með söngvum og dansi (Una Margrét Jónsdóttir, 2009: 19). Í byrjun 20. aldar var mest dansað í heimahúsum þar til reist voru samkomuhús. Talað er um að allir dansi með í heimahúsum, börn og fullorðnir (Sigríður Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 131). Fram kemur að börn hafi stundum fengið að fljóta með fullorðnum á skemmtanir (Sigríður Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 140). Börn lærðu líka dansa af foreldrum sínum og fóru með þeim á böll allt frá sjö ára aldri (Sigríður Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 143). Einnig var farið að kenna dans í barnaskólum og oft var þá dansað undir berum himni því ekki var pláss inni við (Sigríður Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 147). Dansinn tengdist líka ýmsum athöfnum því venja var að dansa eftir þær, svo sem eftir messu, brúðkaupsveislur, leiksýningar, upplestur, ræðuhöld og fundarhöld (Sigríður Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 193). Á fyrstu áratugum 20. aldar var þáttur ungmennafélaga sterkur og stóðu þau oft fyrir mannamótum með söng og dansi. Þar hittist ungt fólk og gerði sér glaðan dag (Una Margrét Jónsdóttir, 2009: 252). Á síðustu öld hafa dansleikir sem börn taka þátt í oftast tengst jólum og áramótum og gera jafnvel enn þann dag í dag. Ungmennafélögin héldu dansleiki og síðar ýmis félög til dæmis Þjóðdansafélag Reykjavíkur (Kolfinna Sigurvinsdóttir, munnleg heimild, 12. október 2014).

1.3.1 Dansar fyrir börn áður fyrr

Í gegnum tíðina hefur lítið verið skrifað um þjóðdansa fyrir börn. Fyrstir til að skrifa og skrá dans á Íslandi voru án efa Jón Árnason og Ólafur Davíðsson sem söfnuðu gögnum um leiki og vísur og skrifuðu um dans og vikivaka í ritinu *Íslenskir vikivakar og vikivakakvæði* sem kom út árið 1894 (Aðalheiður Guðmundsdóttir, 2007a: 635). Ólafur Davíðsson segir einmitt í formála þeirrar bókar að þar sé verið að gera fyrstu tilraun til að lýsa greinilega íslenskum þjóðdönsum frá því menn hafa fyrst sögur af þeim í fornöld og

allt þar til þeir voru bannaðir um 1800. Hann segir jafnframt að lýsingar og heimildir þær sem hann hafði til að styðjast við hafi verið mjög ófullkomnar og að margt sé enn óljóst um vikivakana (Ólafur Davíðsson, 1894: 5). Sá fræðimaður sem mest hefur skrifað um dans á Íslandi er Dr. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir en ekki kemur hún mikið inn á dans fyrir börn í skrifum sínum. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir var íþróttakennari, sálfræðimenntuð og doktor í læsi. Sigríður var kennari í Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni og kom meðal annars dansi inn í íþróttakennaranámið. Hún kenndi einnig dans og íþróttir í Kennaraskólanum. Árið 1951 stofnaði hún Þjóðdansafélag Reykjavíkur og rannsakaði og skræði hluta af danssögu Íslands, bæði um gömlu dansana og söngdansa (Ólafur H. Jóhannsson, 2004: 121 - 141). Sigríður ferðaðist um landið og tók viðtöl við fjölda fólks um þjóðdansa ásamt Mínervu Jónsdóttur. Mínerva var einnig íþróttakennari og var með framhaldsmenntun í dansskrifum. Hún kenndi í Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni og starfaði að söfnun dansa um land allt með Sigríði (Kolfinna Sigurvinsdóttir, munnleg heimild, 12. október 2014, Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 12, Ólafur H. Jóhannsson, 2004: 140).

Þeir fræðimenn sem helst hafa tekið fyrir dans fyrir börn í skrifum sínum eru Halldóra Bjarnadóttir og Steingrímur Arason. Þau voru bæði kennarar og menntuðu sig erlendis. Halldóra Bjarnadóttir útskrifaðist úr kennaraskóla í Noregi 1899. Handmennt og handmenntakennsla var sérstakt hugðarefni Halldóru en einnig safnaði hún vísum fyrir börn sem hún gaf út 1917 í bókinni *Kvæði og leikir handa börnum*. Í bókinni eru kvæði fyrir börn en einnig lög, leikir og dansar. Bókin var gefin út þrisvar sinnum, síðast árið 1949 (Halldóra Bjarnadóttir, 1949, Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960). Steingrímur Arason tók kennarapróf í Flensborgarskóla og stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum (Kristín Indriðadóttir, 1995: 10). Hann gaf út nokkrar námsbækur, meðal annars árið 1921 bókina *Sextíu leikir, vísur og dansar fyrir heimili, skóla og leikvöll* (Kristín Indriðadóttir, 1995, Steingrímur Arason, 1921).

Ekki er hægt að láta hjá líða að minnst á Helga Valtýsson en hann var samtíðamaður Halldóru og útskrifuðust þau sama ár úr kennaraskóla í Noregi (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960: 85). Árið 1930 kom út bókinn *Vikivakar og söngleikir* sem er stuttur leiðarvísir handa ungmennafélögum tekin saman af Helga (Helgi Valtýsson, 1930).

1.4 Námsgreinin dans og gildi dansmenntunar í almennri menntun barna

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 er talað um að menntagildi og megintilgangur list- og verkgreina í skólastarfi sé meðal annars að nemendur fái tækifæri til að kynnst eigin menningu og menningararfleifð. Einnig að þeir læri að hlúa að menningararfleifð sinni samhliða því að kynnst öðrum menningarheimum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013: 141). Megináherslan í skólakerfinu hvar sem er í heiminum er á þungavigtargreinarnar stærðfræði, raungreinar og tungumál. Því næst koma hugvísindagreinar og listgreinarnar reka lestina (Eisner, 2002: xi, Robinson, 2006). Það er eins og sumir átti sig ekki á að list- og verkgreinar eru ekki bara eitthvað sem þú gerir með höndunum, ótengt við hugann (Eisner, 2002: xi). Listgreinar þjálfa börnin í að læra á tilfinningar sínar og er það mikilvægt því oft er erfitt að kenna og útskýra tilfinningar. Öll höfum við tilfinningar og við þurfum að næra þær til að lifa af (Eisner, 2002: 2). Í gegnum listir fá börnin að upplifa tilfinningar og kannski læra að skilja sínar eigin (Eisner, 2002: 12). Listgreinar er auk þess mjög auðvelt að tengja inn í flestar námsgreinar skólans. Þær geta stutt við nám og kennslu í greinum eins og samfélagsfræði, mannkynssögu, tungumálum, stærðfræði og lífsleikni svo einhverjar séu nefndar. Elliot Eisner, höfundur bókarinnar *The arts and the creation of mind*, var prófessor í kennslufræði og listum í Stanford háskólanum í Bandaríkjunum. Eisner var sannfærður um að mjög flókin og margræð hugsun ætti sér stað þegar nemendur hefðu möguleika á að vinna með sköpun (Eisner, 2002: xii). Sir Ken Robinson, PhD. er viðurkenndur á alþjóðavísu og fjallar um hvernig sköpunargáfa og frumkvæði þroskast og um manneskjuna sem auðlind í skólakerfinu og atvinnulífinu. Hann er einn af leiðandi fyrirlesurum heimsins um þessi málefni og hefur gríðarleg áhrif hvar sem hann talar. Hann vinnur með stjórnvöldum, menntayfirvöldum í Evrópu, Asíu og Bandaríkjunum (Robinson, 2015). Ken Robinson (2006) segir í fyrirlestri sínum að við séum í raun að mennta alla til að verða háskólaprófessorar miðað við þá kennslu sem fer fram í skólunum í dag. Við höfum líkama og við eigum að mennta hann allan, ekki bara hugann (Robinson, 2006). Robinson (2006) talar líka um að sköpun sé jafn mikilvæg og læsi. Öll börn hafa hæfileika og eru einstök, þau þora að taka áhættu og eru ekki hrædd við að gera mistök. Robinson (2006) vill einmitt meina að maður verði að vera óhræddur við að gera mistök til að vera skapandi. Við, það er að segja skólakerfið í dag, erum því miður að mennta börnin út úr sköpunargleði sinni og getu (Robinson, 2006). Eisner (2002: 8) kemur einmitt inn á þessa þætti í bók sinni þar sem

hann talar um að við höfum þörf fyrir að koma sköpun okkar á framfæri og við það myndast ómetanleg skráning sögunnar, hann nefnir sem dæmi hellamyndirnar í Lascaux í Frakklandi. Hellamyndirnar í Lascaux segja meðal annars frá veiðum fólks á steinöld, Bayeux veggteppin sýna orrustuna í Hastings, mynt með mynd af keisurum eða kóngum eru dæmi um list sem hefur hjálpað til við að skapa sögulegar minningar. Listin getur nefnilega stuðlað að sögulegri þekkingu okkar með því að varðveita atburði á merkingarbæran hátt (Stephenson, 2004). Stephenson (2004) segir að það gefi sögunni meiri merkingu að hafa eitthvað sjónrænt, ekki bara texta. Söguleg list getur auðgað menntunarsöguna og þar koma þjóðdansar, þjóðlög og þjóðvísur sterk inn. Þau geta hjálpað okkur til að auðga sögulega þekkingu okkar. Dans hefur varðveist til okkar daga með lifandi hefð en einnig í veggristum, á veggmyndum og í leirkersbrotum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir & Mínerva Jónsdóttir, 1994: 9). Fólk söng vísur og lög við verk sín. Vísurnar hjálpa okkur að segja sögu forfeðra okkar. Í vísunum koma ýmsir hlutir eða atburðir fram sem við getum rýnt í til að reyna að átta okkur á lífi fólks fyrir á öldum. Ef börn í dag fá innsýn í líf jafnaldra sinna fyrir á öldum getur það auðgað líf þeirra og hjálpað þeim að skilja söguna. Börn hafa mjög oft gaman af að læra þjóðdansa frá ýmsum löndum. Þeim finnst líka gaman að læra um dansana, hver dansaði þá og hvers vegna (Mirus, White, Bucek, og Paulson, 1993: 119).

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir segir: „Hvaða gildi hefur þessi lítt umtalaði þjóðararfur okkar Íslendinga fyrir nútímafólk?“ (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 103). Hún kemur inn á að söngdansinn er ekki skyldunám í grunnskólum á Íslandi eins og hann er til dæmis í Færeyjum. Hann er einnig kenndur í skólum í Noregi, Grikklandi og fyrirverandi Sovétríkjunum sem og fleiri Evrópulöndum. Hún spyr hvers vegna skólabörn hér á landi fá ekki að kynna þessum þjóðararfi sínum rétt eins og þau lesa um fornar hetjur og gömul ljóð? Hennar skoðun er að hringdansinn, eða vikivakinn, sameini þetta allt auk þess sem hann örvi tilfinningaleg viðbrögð við efni ljóða sem sungin eru. Dans sé ekki aðeins líkamleg áreynsla heldur einnig tilfinningaleg þjálfun sem efni ljóða framkallar og vísar hún þar í danskvæðin sem sungin eru. Hér er samræmi í orðum Sigríðar Þ. Valgeirsdóttur og Elliot Eisner að mikilvægt sé að listgreinar þjálfu tilfinningar og jafnvel hjálpi börnum að skilja tilfinningar sínar. Söngdansar þjálfu líka tjáningu og túlkun líkt og aðrar listgreinar (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 103). Eins og fram kemur hér síðar varð dans skyldufag í íslenskum grunnskólum fyrir rúmlega 20 árum síðan. Helsti vandinn í danskennslu er skortur á hæfum kennurum. Þessum vanda deilum við með mörgum öðrum þjóðum þó að við virðumst vera í ágætum málum miðað við

ýmsar þjóðir hvað varðar kennslu dans í skólum. Anne Green Gilbert stofnandi *The Creative Dance Center and Kaleidoscope Dance Company* í Seattle í Bandaríkjunum hefur verið í fararbroddi sem danskennari í Bandaríkjunum og ýmsum öðrum löndum. Anne Green Gilbert hefur skrifað bækur og greinar um dans (Creative dance center, e.d.). Grein hennar frá árinu 2005, *Dance Education in the 21st Century*, um dansmenntun á 21. öldinni, kemur inn á að í fjölmörgum löndum og mörgum heimsálfum er um sama vanda að ræða. Hún nefnir sem dæmi lönd eins og Þýskaland þar sem kennarar treysti sér ekki til að kenna dans í skólum. Á Jamaica er mikil dansmenning en ekki í skólum. Í Japan sjá íþróttakennarar helst um að kenna þjóðdansa og skapandi dans. Í Bandaríkjunum er dans í námskrám en ekki sem skyldufag því ekki fást kennarar til að kenna. Þar er dans nú innan listgreina en var lengst af innan íþróttá. Svipaða sögu er að segja frá Brasilíu. Þar þurfa kennarar að hafa íþróttakennarapróf eða diploma í listum en BA próf í dansi veitir ekki réttindi. Ef við skoðum nágrannalönd okkur kemur fram að í Danmörku er dans ekki skyldufag en kenndur nokkuð í íþróttatímum. Í Finnlandi eins og annars staðar er ekkert próf fyrir þá sem vilja starfa sem danskennarar í skólum. Skortur á kennurum til að kenna dans í skólum virðist því vera vandamál hvar sem er í heiminum. Gilbert spáir í hver eigi að mennta kennara og segir jafnframt að við þurfum danskennara í skóla sem skilja kennsluferli, þroska barna, kennslufræði, danstækni, meginreglur „kóreografíu“ og fleira meðal annars danssögu, menningu og heimspeki. Í Bandaríkjunum er þetta orðinn hálfgerður vítahringur. Þar eru ekki þjálfaðir danskennarar því ekki eru til stöður fyrir þá og ekki eru dansnámskeið í skólum því það vantar kennara! (Gilbert, 2005: 27 - 33).

Við höfum leyst þetta vandamál að einhverju leyti hér á Íslandi með því að fá í marga skóla samkvæmisdansakennara til að kenna dansinn. Mín skoðun er sú að það sé að mörgu leyti gott mál en þó tel ég að menntun þeirra þyrfti að miðast meira að þörfum ólíkra nemenda og fleiri dansformum. Eins og Anne Green Gilbert kemur inn á í grein sinni hér á undan (Gilbert, 2005) þurfa þeir sem kenna dans í skólum að þekkja til þroska barnanna og hafa lært barnasálarfræði. Sú er því miður ekki raunin í dag.

Árið 1993 stóð hópur fólks að dansátaki í skólum sem stefndi að, og tókst, að gera dans að skyldufagi í grunnskólum á Íslandi. Raunar hófst þetta átak með fundum árið 1991 en þar sat fólk frá ýmsum félögum svo sem Íþróttakennarafélaginu, Dansráði Íslands, Þjóðdansafélaginu, Vímulausri æsku og Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Tilraunakennsla fór af stað í tveimur skólum og tók ég þátt í þeirri kennslu. Upphaflegt markmið var að dans væri

vörn gegn vímu. Síðar var talað um að dansinn skyldi tengjast öðrum fögum skólans, svo sem samfélagsfræði, tónmennt, íslensku, íþróttum og þeir dansar sem kenndir væru tækju mið af því (Kolfinna Sigurvinsdóttir, munnleg heimild, 12. október 2014). Frá upphafi hefur verið erfitt að manna stöður kennara í dansi en frá árinu 1993 hefur dans engu að síður verið námsgrein í skólum á Íslandi og kemur inn sem sérgrein í Aðalnámskrá grunnskóla árið 1999 (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 1999).

1.5 Dans í námskrám og áherslur á dans í þeim í gegnum tíðina

Listgreinin dans varð lögboðin með grunnskólalögunum frá 1991 (Lög um grunnskóla nr. 49/1991, 49. gr., Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014: 241). Við lestur í gegnum námskrár þar sem leitað var að umfjöllun um dans kom í ljós að það fyrsta sem fannst skrifað var í námskránni frá árinu 1960 og það merkilega er að þar er dans talinn til íþróttar og kenndur til jafns á við leikfimi og sund. Skipting kennslustunda á svokölluðu barnafræðslustigi, það er að segja fyrir börn á aldrinum sjö til átta ára er: íþróttir (leikfimi, sund, dans og fleira) tvær til þrjár kennslustundir á viku (Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, 1960: 82). Talað er um að kenna eigi vikivaka, smá-dansa, söngleiki, dansspor og léttu þjóðdansa börnum á aldrinum sjö til fimmtán ára (Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, 1960: 76). Það næsta sem skrifað var um dans var í aðalnámskrá frá 1976. Þar er komið inn á danskennslu í íþróttahluta námskrárinnar og sagt að kenna eigi rytmik, listræna leikfimi og þjóðdansa (Aðalnámskrá grunnskóla: Íþróttir, 1976: 13 - 25). Í tónmenntahluta námskrárinnar þetta sama ár, en það er fyrsta aðalnámskráin sem fjallar um námsgreinina tónmennt, er lítillaga komið inn á kennslu í dansi eða hreyfingu (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008: 63). Þar er sagt að hreyfipjálfun og vald yfir líkamanum sé á vissan hátt undirstaða allrar tónlistariðkunar, bæði hljóðfæraleiks og söngs (Aðalnámskrá grunnskóla: Tónmennt, 1976: 8). Þar er talað um að kenna eigi nemendum söngleiki og þjóðdansa, að vísu í vali (Aðalnámskrá grunnskóla: Tónmennt, 1976: 9). Í aðalnámskránni frá 1989 er dans og hreyfing áfram bæði innan tónmenntakennslu (Aðalnámskrá grunnskóla, 1989: 160) og íþróttakennslu (Aðalnámskrá grunnskóla 1989: 130-131). Árið 1999 kemur eins og áður segir dans inn sem námsgrein í listgreinahluta aðalnámskrár (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 1999). Ekki er þó dans alveg útilokaður í íþróttahluta aðalnámskrár það árið. Í lokamarkmiðum er talað um dans og danskennslu (Aðalnámskrá grunnskóla: Íþróttir – líkams- og heilsurækt, 1999: 19) sem og í þrepamarkmiðum fyrir 1. -10. bekk (Aðalnámskrá

grunnskóla: Íþróttir – líkams-og heilsurækt, 1999: 24 - 50). Það sama á við um tónmenntakennslu í aðalnámskránni 1999, dans er nefndur þar í markmiðum allra árganga (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 1999). Í nýjstu námskránni, frá 2013, er dans sérgrein en er enn lítillaga nefndur í íþróttum en ekki lengur í tónmennt (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Ég rýndi nánar í námskránni frá 1999 og 2013 og eru þær nokkuð ólíkar. Í námskránni frá 1999 er talað um að dans efli hreyfiproska, stuðli að eðlilegum samskiptum og auki samkennd. „Með kennslu í dansi eigin menningar og annarra má efla skilning á hefðum og menningu, bæði eigin þjóðar og annarra.“ Einnig er talað um að dansinn megi tengja öðrum námsgreinum grunnskóla (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 1999: 100). Það er áhugavert að skoða markmiðin í dansi, þrepamarkmið, lokamarkmið og áfangamarkmið sem sett eru inn við lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og 10. bekkjar. Mikil áhersla er á að nemendur kunni ákveðin fjölda af samkvæmisdönsum og ekki eru þjóðdansar nefndir fyrir en í markmiðum við lok 7. bekkjar en þar er talað um að nemandi eigi að kunna að minnsta kosti einn þjóðdans, til dæmis vikivaka (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 1999: 105). Í 8. - 10. bekk er dans valgrein og þar eiga nemendur kost á að velja á milli samkvæmisdans og listdans. Innan samkvæmisdansa er talað um að nemendur kunni skil á gömlu dönsunum og geti sýnt að minnsta kosti einn íslenskan þjóðdans. Nemendur eiga einnig að hafa fengið innsýn í sögu dansins, þekkja tegundir dansa, uppruna og þróun og er þar bæði verið að tala um samkvæmisdansa og listdans. Þeir eiga einnig að geta fjallað um íslenska danshefð (Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar, 1999: 107). Í aðalnámskránni frá 2013 eru sett inn hæfniviðmið fyrir dans og þar kemur meðal annars fram að dans er mikilvægur hluti af listafloðu landsins, að hann hafi félagslegu- og sögulegu hlutverki að gegna. Auk þess er hann órjúfanlegur hluti af hreyfimenningunni. Þar kemur einnig fram: „Dansar sem dansaðir eru í félagslegum tilgangi, eins og paradansar, hringdansar og hópdansar hafa alltaf verið hluti af daglegu lífi í mismiklu mæli og mismunandi formi“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2013: 144). Einnig að dansinn hafi mikið sögulegt gildi sem og menningarlegt og sé hluti þeirrar arfleifðar sem hver nemandi beri með sér. Þegar markmið við lok hvers stigs eru skoðuð kemur fram að við lok 4. bekkjar á nemandi meðal annars að geta dansað einföld hreyfimyndur og geti notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum. Við lok 7. bekkjar er áfram talað um svipaða hluti, það er að segja að geta dansað grunnspor í paradönsum og einföldum þjóðdönsum. Við lok 10. bekkjar er eitt af markmiðunum að nemandi geti tjáð og túlkað hugmyndir sínar og rætt dans á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það í menningar- og

sögulegt samhengi (Aðalnámskrá grunnskóla 2013: 145). Þessi markmið eru mörg góð og gild og það þarf að sjá til þess að þeim sé fylgt eftir í skólum þar sem dans er kenndur. Námsefnið sem ég kynni hér fellur vel að þessum markmiðum og ætti að vera kærkomin viðbót við það sem til er. Ekki má gleyma að lög og aðalnámskrár marka stefnu ríkisins um nám og kennslu og grunnskólar eiga að setja sér eigin skólanámskrár samkvæmt þeim (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014: 241). Því miður virðist hins vegar vanta þó nokkuð upp á að nemendur fái kennslu í dansi í þeim mæli sem aðalnámskrá býður (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014: 268).

1.6 Tilurð og gildi námsefnisins

Eftir útgáfu viðauka við bók mína *Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólabörn* (Kolfinna Sigurvinsdóttir & Hulda Sverrisdóttir, 2002) vaknaði áhugi minn á að vinna námsefni fyrir grunnskólabörn sem væri mjög þjóðlegt. Lagt var upp með að leita að dönsum sem væru gamlir, líkast til íslenskir, löggin væru íslensk þjóðlög og ef vísur voru með lögnum þá væru það þjóðvísur, lausavísur eða gamlir húsgangar. Leitað var að dönsum sem myndu henta yngsta stigi og miðstigi grunnskóla. Fljótlega kom í ljós að þessi leit myndi verða erfið því lítið virtist vera til af dönsum fyrir börn við þjóðlög. Allir dansar, vísur og lög eiga sína höfunda þó við vitum ekki hverjir þeir eru. Ef leitað væri út fyrir landsteinana er ekki ólíklegt að þar finndust margir dansar, lög og jafnvel vísur keimlík allmörgum þeim sem við teljum íslensk. Sr. Bjarni Þorsteinsson talar einmitt um þetta í bók sinni *Íslensk þjóðlög* (1906 – 1909) þar sem hann segir að þjóðlög ferðist úr einu landi í annað og lagið festi rætur í nýju landi en gleymist jafnvel í hinu upprunalega (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 1). Þetta eigi sér líka stað með þjóðsögur, fornkvæði, leiki og þulur (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 2). Mikið sé líka um þjóðsögur, þulur, leiki og þjóðlög sem eru líka til á öðrum tungumálum og óvíst um upprunann (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 5 - 6). Sjálfsagt hafa Íslendingar samið lög og jafnvel dansa, við vitum að þeir hafa samið mikið af vísnum, en við höfum ekkert fast í hendi þegar ekki er skráð hverjir eru höfundar og heimildum ber oft á tíðum ekki saman. Lög eru stundum skráð sem þjóðlög í einni heimild en með höfund í þeirri næstu og jafnvel annan höfund í þeirri þriðju.

Þegar ég valdi dansa í námsefnið hafði ég að leiðarljósi að dansarnir væru þjóðdansar eða nokkuð þjóðlegir. Þeir virðast í fljótu bragði vera mjög mismunandi. Þarna eru hreyfileikir, stígdansar, hringdansar, vikivakar, klappleikir og svona mætti áfram telja. Fyrst og fremst skoðaði ég vísurnar og löggin og hvort þau væru fyrir börn eða ég teldi þau henta börnum. Ekki

þótti mér verra ef vísurnar segðu einhverja sögu og væru þess eðlis að gott væri að tengja þær við námsefni grunnskólabarna. Síðan skoðaði ég einkenni dansanna, að þau væru svipuð og eldri dansa sem ég hafði valið og tel að megji kalla þjóðdansa. Þá rýndi ég í það sem þeir dansar eiga sameiginlegt og kom í ljós að í mörgum þeirra eru gönguspor, einhverskonar klapp og örmum er lyft. Það má segja að allir dansarnir, nema marsinn, séu söngdansar því þeim fylgja vísur en söngdansahefðin er mjög sterk á Íslandi. Ég reyndi að velja fjölbreytta dansa sem henta mismundandi aldri og tel að námsefnið sé þjóðlegt, frá mismunandi tímum, bæði gamalt og nýtt samið í þjóðlegum stíl. Dansarnir eru 20 talsins við 19 lög. Þá má flokka í sjö flokka: hreyfileiki, stígdansa, hringdansa, vikivaka, klappleiki, raðadansa og paradansa.

Hreyfileikir: *Einn var að smíða, Faðir þinn er róinn*

Stígdansar: *Pílaranda, Stígur hún við stokkinn*

Hringdansar: *Guð gaf mér eyra, Krummi krunkar úti, Nú er frost á fróni, Stúlkurnar ganga, Kindur jarma í kofunum* (fjórir saman í hring)

Vikivaki: *Ólafur reið með björgum fram, Stóð ég úti í tunglsljósi* (dans númer tvö), *Á Sprengisandi*

Klappleikir: *Klappa saman lófunum*

Raðadans: *Krummi snjóinn kafaði, Krumminn í hlíðinni, Mars*

Paradans: *Hvað kanntu að vinna?, Hver var að hlæja?, Móðir mín í kví, kví, Stóð ég úti í tunglsljósi* (dans númer eitt)

Hreyfileikirnir eru mest notaðir með yngri börnum. Þekkt er í söngleikjum barna, sem oft eru hermileikir, að orðin séu sungin og túlkuð með hermihreyfingum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 9). Ekkert er athugavert við að kenna eldri börnum auðvelda dansa ef það er gert í samhengi við eitthvað sérstakt, til dæmis í tengslum við námsefni. Aðrir dansar sem henta vel yngri börnum eru *Stígur hún við stokkinn* og *Klappa saman lófunum*. Þar er verið að stíga og klappa í takt við lagið á meðan vísan er kveðin. *Pílaranda* er skemmtilegur gamall leikur eða dans sem hentar öllum aldri. Flest börn hafa gaman af að láta nefna nafnið sitt og *Pílaranda* er einmitt nafnaleikur. Dansarnir *Stígur hún við stokkinn* og *Pílaranda* bera einkenni hinna gömlu stígdansa (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 58). Það má segja að hreyfileikina, stígdansana og klappleikina væri best að nota með yngstu börnum grunnskólans. Krummadansana er hægt að dansa með öllum aldri. Gaman er að tengja þá við námsefni um krumma eða jafnvel aðra fugla.

Hringdansarnir, vikivakarnir, raða- og paradansar eru hentugir fyrir börn á miðstigi en einnig í efri bekkjum yngsta stigs. Þeir eru: *Guð gaf mér eyra*,

Stóð ég úti í tunglsljósi, Nú er frost á fróni, Stúlkurnar ganga, Kindur jarma, Ólafur reið með björgum fram, Á Sprengisandi, Mars, Hver var að hlæja?, Hvað kanntu að vinna? og Móðir mín í kví, kví.

Dansarnir sem samdir eru á síðari árum við þjóðlög og þjóðvísur eru níu talsins. Einkenni þeirra er að miklu leyti það sama og dansanna sem eru eftir ókunna höfunda, það er að segja gönguspor, klapp, stapp og hopp. Sjö dansar eru eftir Kolfinnu Sigurvinsdóttur sem hefur samið marga dansa fyrir börn: *Hver var að hlæja?, Krummi krunkar úti, Krumminn í hliðinni, Krumminn á skjánum, Móðir mín í kví, kví, Nú er frost á fróni* og *Stóð ég úti í tunglsljósi*. Einn dans er eftir Sigríði Þ. Valgeirsdóttur, *Hvað kanntu að vinna?* Ég samdi sjálf einn dans, *Stúlkurnar ganga*, og reyndi ég að hafa gamla dansa til hliðsjónar og nota sömu einkenni og ég tel upp hér á undan.

2 Heimildaleit og viðmælendur

Heimildaleit fyrir verkefni þetta fór að mestu leyti þannig fram að leitað var í heimildum sem svo vísuðu áfram í aðrar heimildir. Merkilegt var að fara í gegnum heimildir og sjá tengsl íslensku dansanna við dansa frá Norðurlöndum, öðrum löndum Evrópu en einnig Ameríku og Asíu. Lítið var um að danslýsingar væru skráðar á öldum áður og oft er erfitt að segja til um hinn sanna uppruna dans, hvaðan hann kemur og hvenær. Frá því fólk fór að fara á milli landa, viljugt eða óviljugt, hafa dansar sjálfsgagt borist manna á milli eins og sögur, lög og fleira. Í ritum eins og Íslendingasögum, Biskupasögum og Fornaldarsögum Norðurlanda er sagt frá dansi og má því spyrja sig hvort dansinn hafi verið hluti menningar sem landnámsmenn fluttu með sér til landsins (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 16).

Fyrir þessa ritgerð voru tekin tvö viðtöl. Annar viðmælandinn var Ása Ketilsdóttir kvæðakona en hinn viðmælandinn var Kolfinna Sigurvinsdóttir íþróttakennari og þjóðdansakennari. Þær voru valdar vegna þess að að þær hafa skoðað dans og kvæði með börnum og taldi ég að þær gætu aðstoðað við að svara spurningum mínum.

Ása Ketilsdóttir ólst upp við sögur, ævintýri og kvæðalög. Foreldrar hennar sögðu sögur og fóru með vísur við vinnu sína. Þessi ríkulega hefð sem einkenndi umhverfi Ásu í uppvextinum, ásamt áhuga hennar sjálfrar, hefur orðið til þess að hún getur ausið af brunni vísna, kvæða, þula og sagna sem virðist nær óþrjótandi (Vappaðu með mér Vala, 2010).

Kolfinna Sigurvinsdóttir er íþróttakennari og þjóðdansakennari. Hún útskrifaðist sem íþróttakennari árið 1963 frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni þar sem var mikil danskennsla. Mínerva Jónsdóttir kenndi henni þar og fékk Kolfinna í kjölfarið áhuga á þjóðdönsum sem hefur haldist síðan. Hún hefur alla tíð síðan kennt íþróttir auk þess að kenna þjóðdansa í grunnskólum, leikskólum og á fjölmörgum námskeiðum bæði fyrir kennara og aðra. Hún hefur sótt dansnámskeið héraðs og erlendis og gefið út námsefni um dans. Hún hefur einnig mikið skoðað þjóðdansa fyrir börn.

Fyrir Ásu Ketilsdóttur lagði ég eftirfarandi spurningarnar:

1) Dönsuðu börn þegar þau fóru með vísur í þinni æsku?

Ása sagði að börn hefðu ekki beinlínis dansað en hreyft sig eftir hljóðfallinu og nefndi hún vísur eins og *Faðir þinn er róinn*, *Stígur hún við stökkinn*, *Fagur er fiskur* og fleiri.

2) Heldur þú að það hafi verið til sérstakir þjóðdansar fyrir börn á öldum áður eða dönsuðu börnin með fullorðna fólkinu?

Hún sagði að þau hefðu helst dansað með fullorðnu fólki og nefndi dansana *Þyrnirós* og *Sjáðu hvernig Valdi vinnur*.

3) Til eru ýmsar vísur fyrir börn sem eru mjög „hreyfivænar“, hreyfðu börn sig við þær?

Ása kannaðist við að börn hefðu eitthvað hreyft sig við þær, til dæmis vísurnar *Ríðum heim til Hóla*, *Maður kemur gangandi* og *Fagur fiskur í sjó*.

Spurningar sem lagðar voru fyrir Kolfinnu voru:

1) Hvernig telur þú að barnadansar hafi varðveist í gegnum tíðina? Hvaða hugsjónir liggja þar að baki?

Barnadansar hafa varðveist skriflega, til dæmis í bókum. Hreyfiminni hefur líka hjálpað til að varðveita dans. Hugsjónirnar voru að varðveita menningararf, söguna, eins og ljóð og fornsögur.

2) Hvar telur þú að dansar hafa verið iðkaðir hér á árum áður?

Dansar voru líklega iðkaðir hjá ungmennafélögum, þeir stóðu fyrir skemmtunum og hátíðum. Það voru stofnaðir danshópar fyrir sýningar til dæmis á hátíðum. Aðallega voru jólaskemmtanir en líka skemmtanir í kringum áramót. Einnig var dansað í íþróttatímum, spurning hvenær það hófst. Eitthvað dansaði fólk auk þess í heimahúsum.

3) Hvað eru alþýðudansar?

Ég held að það séu þjóðdansar og gömlu dansarnir.

4) Heldur þú að það hafi verið til sérstakir þjóðdansar fyrir börn á öldum áður eða dönsuðum börnin með fullorðna fólkinu?

Já, ég tel að það hafi verið til dansar fyrir börn, aðallega þá söngleikir og klappleikir. Svo dönsuðu börnin líklega með fullorðna fólkinu, í baðstofu, fylgdust með og einfölduðu kannski eða hermdu eftir.

5) Mest er talað um „*Gleðina*“ þegar talað er um dans á öldum áður. Varla tóku börnin þátt í því, hvað heldur þú?

Það finnst mér ólíklegt. Mér finnst trúlegt að börnin hafi verið heima með gamla fólkinu þegar fólk sótti þannig skemmtanir.

6) Nú eru til ýmsar vísur (þjóðvísur) fyrir börn og margar þeirra eru mjög góðar til að hreyfa sig við. Þær lýsa ýmsu sem gert var til sjávar og sveita. Hvað heldur þú um þær, dönsuðu börn eða hreyfðu sig eitthvað við þær?

Já örugglega.

7) Hvað getur þú sagt mér um danskenslu í skólum, hvenær varð hún að veruleika?

Árið 1993 var stofnuð nefnd um danskenslu í skólum. Matthildur Guðmundsdóttir var þar í forsvari. (Kolfinna sýndi mér auk þess fundargerðir frá þessum fundum).

Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni var stofnaður 1933. Íþróttakennarar áttu að kunna þjóðdansa og kenna í íþróttatímum. Það var misjafnt hversu vel var staðið að því, fór sjálfsagt eftir kennurunum. Sumir íþróttakennarar sinntu þessu en aðrir ekki, kannski var þess vegna dansátakið árið 1993. Til var námsefni fyrir kennara svo ekki er hægt að kenna því um að kennslan hafi ekki verið nógu góð. Kolfinna segist hafa á tilfinningunni að íþróttakennarar úti á landi hafi staðið sig betur í þessu, til dæmis með að kenna krökkum gömlu dansana. Síðar fóru samkvæmisdansakennarar að koma inn í skólana til að sinna þessu.

8) Hvað með Norðurlöndin? Veistu hvernig danskensla í skólum er þar?

Á Norðurlöndunum hefur þetta líklega verið nokkuð svipað og hér síðastliðin ár. Dans er samt frekar iðkaður þar í dansfélögum.

9) Nú hefur þú samið mikið af þjóðlegum dönsum fyrir börn, hvernig kom það til?

Við danskenslu mína í gegnum árin fékk ég áhuga á að nota íslensku lögin og fór að semja dansa við þau. Ég vann við danskenslu í mörg ár og fannst oft vanta fleiri dansa fyrir börn. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir hafði samið nokkra dansa við ýmis lög fyrir börn, þeir voru aðallega samdir fyrir hátíðir og æfðir hjá ungmennafélögum, danshópum og íþróttafélögum.

Að lokum minntist Kolfinna á að leikskólakennarar hafa í gegnum tíðina verið mjög duglegir við að syngja með börnum og gera hreyfingar með. Þeir nota því mikið ýmsa hreyfileiki.

3 Niðurstöður og umræður

Ekkert bendir til þess í heimildum að dansar hafi verið samdir sérstaklega fyrir börn á öldum áður. Við vitum ekki mikið um dansa fyrir börn, líklega dönsuðu börn með fullorðna fólkinu, hermdu eftir því, einfölduðu dansana og bjuggu til sína eigin dansa. Eins og fram kemur hjá Sigríði Þ. Valgeirsdóttur (2010) var dansað á heimilum og allir dönsuðu með. Því er líklegt að börnin hafi tekið þátt í dansinum. Vitað er um mikið af leikjum, til dæmis alls kyns klappleikjum sem börn stunduðu og hafa varðveist (Ása Ketilsdóttir, munnleg heimild, 7. janúar 2015). Einnig er líklegt að börn og fullorðnir hafi gert einfaldar hreyfingar við ýmsar vísur án þess að það væri beinlínis sérstakur dans. Af þessu má álykta að börn hafi hugsanlega dansað sjálf og kannski einfaldað dansa fullorðna fólksins. Ef til vill hafa einhverjir hjálpað þeim við það eða kannski hafa þau bara dansað með. Kolfinna (munnleg heimild, 12. október 2014) er sammála þessu, hún heldur jafnvel að það hafi verið til söngleikir og klappleikir fyrir börn en svo hafi þau dansað með fullorðna fólkinu, fylgst með, hermt eftir og kannski einfaldað dansana sjálf. Í heimildaleit hefur ekki fundist mikið talað um börn og dans þeirra, í raun ekkert að ráði fyrr en á 19. öld. Að vísu er hugtakið barnæska eða bernska ekki svo gamalt. Undir lok 18. aldar var farið að líta á bernskuna nýju ljósi, fyrst hjá yfir- og miðstéttarjölskyldum, og barnaleikir komust í tísku á þessum tíma (Emblem o.fl., 1995: 299). Töluvert er um að dansar hafi verið samdir fyrir börn á þessari öld og seint á 20. öld og er það því líklega seinni tíma verk.

Á 19. öld eru til heimildir um dans ungmenna í skólum en hingað til hef ég ekki fundið heimildir sem tala eitthvað um dans barna á 18. öld. Á 19. öld var enn dansað á heimilum fólks en einnig í skólum eins og í Skálholti og að Hólum. Síðar var dansað á Bessastöðum og voru þessir dansleikir oft nefndir vikivakar að gömlum sið þó aðrir dansar væru dansaðir þar en vikivakinn sjálfur (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 85). Til eru mörg þjóðlög og þjóðvísur sem virðast samdar fyrir börn en þegar kemur að dansi er ekki um auðugan garð að gresja. Ýmsir einfaldir dansar henta börnum vel og ekki síst ef þeir eru við lög sem þau þekkja. Vikivakadansarnir voru eða eru í raun ekki flóknir og í mörgum dönsnum eru oft bara stigin auðveld spor og vísur sungnar. Helgi Valtýsson sagði einmitt í bók sinni (1930) að vikivakar væru einföld skemmtun og við alþjóðhæfi, bæði ungra og eldri (Helgi Valtýsson, 1930: 5). Nokkuð er um að dansar hafi verið samdir á síðustu öld fyrir börn

við þjóðlög og eru höfundarnir helst Kolfinna Sigurvinsdóttir og Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. Einnig eru til skemmtilegar þulur sem eru ákjósanlegar með stígdönsum, til dæmis *Stígur hún við stokkinn* og svo höfum við lausavísur eins og *Klappa saman lófunum* þar sem gott er að klappa taktinn meðfram því sem vísan er sungin. Fleiri vísur mætti nefna, sem ekki eru hér í námsefninu, sem auðvelt er að gera einfaldar hreyfingar með, til dæmis *Fljúga hvítu fiðrildin*, *Buxur vesti brók og skó* og ekki ólíklegt að fólk á fyrri öldum hafi einnig notað þær. Ása Ketilsdóttir nefnir ýmsar vísur sem notaðar voru í hennar æsku eins og *Faðir þinn er róinn*, *Fagur er fiskur* og *Ríðum heim til hóla*. Hún segir að stundum hafi börn hreyft sig í takt við vísurnar en ekki beinlínis stigið dans þó (Ása Ketilsdóttir, munnleg heimild, 7. janúar 2015).

Í dag erum við með ýmsa dansa sem skilgreindir eru sem barnadansar og væri forvitnilegt að skoða hvernig þeir eru settir í þann flokk. Ég leyfi mér að álykta að það hafi upphaflega farið mikið eftir tónlistinni en í dag séu þetta að mörgu leyti sömu hreyfingarnar, útfærðar á mismunandi hátt, sem taldar eru henta börnum. Hreyfingar og spor í barnadönsum eru auðveldari en í dönsum sem henta fullorðnum. Dansarnir eru oft rólegri og í upphafi er ekki lögð mikil áhersla á það á hvorum fæti maður byrjar svo eitthvað sé nefnt. Dansar fyrir börn, hvort sem það eru þjóðdansar, samkvæmisdansar, listdans eða annars konar dansar, byggja grunninn fyrir flóknari dansa. Stundum eru dansar fyrir fullorðna einfaldaðir til að þeir henti börnum en aðrir dansar eru auðvitað beinlínis samdir fyrir börn.

Í bók sinni *Íslenski söngdansar í þúsund ár* þakkar höfundurinn, Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, almenningi að söngdansahefðin skyldi varðveitast hér á landi allan þennan tíma. Hún talar um að dönsum hafi í gegnum árin, allt til okkar daga, aðallega verið dreift með hreyfiminni til yngri kynslóða. Einnig þakkar hún áhugamönnum um forna dansa og fræðimönnum sem hafa ritað um um danskvæði, þjóðlög, söngdansalög eða frásagnir af dansi (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 105-106). Ekki má gleyma bókmenntum okkar Íslendinga en Sigríður kemur líka inn á að fornar íslenskar bókmenntir hafi skipt máli í varðveislu þessa þjóðararfs en einnig bendir hún enn og aftur á að áhugasamt dansfólk eigi mikinn þátt í því líka því það virti þann gleðigjafa sem söngdansar voru og eru (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 106). Kolfinna (munnleg heimild, 12. október, 2014) segir að barnadansar hafi varðveist skriflega, jafnvel eitthvað í bókum en hreyfiminni hafi líka hjálpað til að varðveita dansa. Sigríður bendir einnig réttilega á að fornir þjóðdansar sem þróast hafa öld fram af öld eru engu ómerkari arfleifð landsmanna en fornar sögur. Sögurnar bárust með frásagnarhefð og geymdust þannig á milli ættliða allt fram á þrettánda öld þegar ritun hófst.

Fornu söngdansarnir eiga einnig djúpar rætur hér á landi og þróun þeirra á sér lengri sögu en almennt í nágrannalöndum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 106). Varðveisla dansa hér á landi er fræðilega séð ótrúleg arfleifð miðað við nágrannalöndin og þó víðar væri leitað (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 104). Elstu heimildir um dans á Norðurlöndum eru reyndar frá Íslandi og er það íslenskum bókmenntum að þakka að svo snemma er getið um dans. Hins vegar má ekki skilja það svo að Íslendingar hafi lært dans fyrstir allra Norðurlandþjóða (Ólafur Briem, 1946: 377). Þjóðdansar eru menningararfur, engu ómerkilegri en þjóðsögurnar okkar. Þeir segja sögu og hjálpa okkur að varðveita sögurnar. Hreyfiminni hefur tvímælalaust hjálpað mikið til við varðveislu dansa og danshefðar. Vert er að varðveita þennan menningararf og kynna fyrir komandi kynslóðum.

4 Umfjöllun um dansana í námsefninu

Mér finnst mikilvægt að hluti af námsefninu segi sögu og það sé fjölbreytt. Mér hefur alla tíð þótt gaman að kenna börnum vísur og ræða þær, tengja þær sögum og verkum úr menningu okkar. Ég ræði við nemendurna um vísurnar og jafnvel hreyfingarnar og hvað þær tákna. Flest börn hafa skoðun á þessu og koma með ýmsar hugmyndir. Þeim þykir oft gaman að velta fyrir sér að kannski hafi jafnaldrar þeirra hundrað árum áður sungið sömu vísur og dansað sömu dansa.

Í danskennslu með börnum er gott að byrja á einföldum dönsum, dönsum með göngusporum og ekki of flóknu dansmynstri. Með yngstu börnin er gott að byrja á léttum söngleikjum og dönsum þar sem þau eru frjáls um gólfið, ekki í pörum. Nauðsynlegt er þó að drengir og stúlkur æfist fljótlega í að dansa saman í pörum eða leiðast í hringdönsum svo þeim finnist eðlilegt að dansa við hitt kynið. Spor eru kennd og æfð en athuga ber að leggja ekki of mikla áherslu á þau heldur fara fljótlega í dansinn því sífelld endurtekning og leiðrétting spora er leiðigjörn, sérstaklega fyrir börn. Eftir því sem börn eldast er þó farið betur í smáatriði svo sem á hvorum fæti á að byrja, dansáttir og fleira. Kennarar eiga að vera óhræddir við að einfalda dansa, bæði spor og dansstöður, þannig að þeir henti viðkomandi hópi. Sem dæmi má nefna að hægt er að byrja á gönguspori í stað sporhoppis eða hlauspors, halda saman báðum höndum í stað venjulegrar dansstöðu eða dansa í einföldum hring í stað þess að dansa í pörum. Í danstímanum ættu að vera fjölbreyttir dansar, rólegir, fjörugir, hringdansar og paradansar og umfram allt að láta börnin syngja þegar það á við. Með því stuðlum við að varðveislu söngdansahefðar okkar Íslendinga sem á sér merka sögu. Þó hér sé bent á leiðir til að auðvelda danskennsluna og einfalda dansana er þó æskilegt að börnin læri þá rétta að lokum (Kolfinna Sigurvinsdóttir & Hulda Sverrisdóttir, 2000).

Upphafsstöðurnar í námsefninu eru hringur, raðir, hópar, pör eða einstaklingar. Nokkur fjölbreytni er líka í sporunum, sem ég tel mikilvægt, og hægt er að tengja mörg ljóð og vísur annað námsefni skólans. Þegar ég valdi dansa í námsefnið hafði ég að leiðarljósi eftirfarandi atriði:

- Að vísan hentaði börnum, væri skemmtileg eða segði einhverja sögu. Ég reyndi að hafa fjölbreytni í vísnavali og að möguleiki væri að tengja sumar þeirra við aðrar námsgreinar. Menntunarlegt gildi þeirra skipti máli og þekking á þjóðarfinum.
- Að danssporin og hreyfingarnar henti börnum. Ég velti fyrir mér hvaða aldri dansarnir hentuðu best og hversu ungir nemendur geti lært

dansinn og hversu hátt er hægt að fara með dansinn með grunnskólanemendum.

- Að lögin séu íslensk eða uppruni þeirra ókunnur. Einnig að þau séu ekki of erfið fyrir börn að syngja.
- Að dansarnir séu skemmtilegir. Suma valdi ég því ég þekkti þá sjálf sem barn og hafði gaman af þeim. Aðra hef ég notað í danskennslu minni með börnum og veit að þeir höfðu til þeirra.

Hér á eftir er fjallað um dansana í þeirri röð sem þeir koma fyrir í námsefninu. Ég hef sett inn hugmyndir að samþættingu dansanna við aðrar greinar grunnskólans, einnig krækjur við þá dansa þar sem ég hef fundið tónlist, dans, sögu eða annað ítarefni.

Á Sprengisandi

Vísan, sem er eftir Grím Thomsen, er svo þekkt hér á landi að nær hvert mannsbarn kann hana. Hægt er að ræða innihald vísunnar og tengja til dæmis við landafræði. Leiðin um Sprengisand er þekkt leið og má skoða hana á landakorti og sjá hvert hún liggur. Staðirnir sem nefndir eru í textanum, Arnarfell, Ódáðahraun, Herðubreið og Kiðagil eru skoðaðir á korti. Í vísunni er einnig talað um útilegumenn og álfadrottningu og því eru það þættir sem hægt er að ræða og skoða sögur tengdar því. Dansinn sem ég skrái hér er vikivaki og einn sá algengasti á Íslandi, sem og þekktasti, jafnvel út fyrir landsteinana. Vikivaki er tiltölulega einfaldur dans og hentar því mjög vel fyrir öll grunnskólabörn. Ef hann er dansaður með yngstu börnum grunnskólans er betra að sleppa að nota vikivakahandtakið og láta börnin leiðast venjulega. Í vikivakanum *Á Sprengisandi* er byrjað á einu skrefi til hægri og svo tveimur til vinstri. Í venjulegum vikivaka er byrjað á tveimur skrefum til vinstri. Við þennan dans er notað þjóðlagið en til eru tvö önnur lög við þessa vísu og aðrir dansar við þau lög. Hvort þjóðlagið er að uppruna íslenskt er ekki alveg víst því það líkist töluvert finnsku þjóðlagi, einkum fyrri parturinn (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 636-7). Dansinn er skemmtilegur og gaman að dansa hann því börnin geta sungið með þar sem þau kunna vísuna yfirleitt frá fyrstu árum grunnskólagöngu sinnar. Hægt er að ræða um söngdansahefð Íslendinga við kennslu dansins.

Ítarefni

Tónlist:

Krækjur þessar eru af tveimur tónlistarmyndböndum. Þjóðlagið *Á Sprengisandi* er sungið hér bæði af atvinnumönnum og áhugamönnum.

<https://www.youtube.com/watch?v=PSjRjlv-uQ4>

<https://www.youtube.com/watch?v=QpfMikZbyls>

Dans:

Þetta er krækja í myndband þar sem vikivakinn *Á Sprengisandi* er dansaður. Hér er hann dansaður af áhugafólki og ekki nákvæmlega eins og í danslýsingu minni, til dæmis er dansinn ekki dansaður í hring, í viðlaginu er gengið en ekki hlaupið, ekki er stappað á sjöunda spori en í staðinn er höndum lyft. Myndbandið gefur þó vísbendingu um hvernig dansinn er.

https://www.youtube.com/watch?v=7Ow4UBTfh3g&index=3&list=PLtIbCwbNHLJNjDF8NsT_mv2Ch847KzH18

Hér er önnur krækja í myndband af dansinum *Á Sprengisandi*. Hér dansa meðlimir Þjóðdansafélags Reykjavíkur dans við lag Sigvalda Kaldalóns og við það lag er annar dans en er hér í námsefninu. Börnin í innri hringnum stíga vikivaka en við viðlagið er dansað öðruvísi en í dansinum við þjóðlagið.

<https://www.youtube.com/watch?v=rI0RWLoxVmA>

Saga:

Á síðu 29 í þessu skjali er góð umfjöllun um vísuna, staðreyndir, ártöl og einnig hugmyndir að umræðum og spurningum. Bent er á málfræðiafingar, verkefni og annað ítarefni.

http://www.nams.is/pdf/blakapa/blakapa_klb.pdf

Einn var að smíða

Þetta er hreyfileikur sem ég skráði eftir lýsingu Kolfinnu (Kolfinna Sigurvinsdóttir, munnleg heimild, 12. október 2014) en óvíst er um uppruna hans. Vísan er um handverk og er gaman að fara í umræðu um handverk í gamla daga, hvað fólk þurfti að smíða sjálft eða sauma, og hvaða áhöld voru nauðsynleg. Einnig er hægt að ræða um gömul áhöld og skoða bækurnar *Ísland áður fyrr* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a, 1995b, 1997) en í þeim er fjallað um fjölskylduna, heimilið og störfin. Með bókunum fylgja kennsluleiðbeiningar en auk þess er vísað í krækjur hér í ítarefni. Bókin *Komdu og skoðaðu eldhúsið* (Gunnhildur Óskarsdóttir & Ragnheiður Hermannsdóttir, 2003) gæti líka verið áhugaverð því þar fjallað um gömul eldhúsáhöld. Vísan er í raun gamanvísa, einn er að smíða ausu og svo koma aðrir og bora gat á hana! Hreyfingarnar við lagið og vísuna eru auðveldar en geta samt vafist fyrir sumum þar sem lyfta þarf fingrum, frá einum upp í sjö. Hreyfileikurinn hentar vel á yngsta stigi grunnskóla, kannski helst í 1. og 2. bekk. Lagið er einnig einfalt og hentar vel ungum börnum, flest þekkja það og er það jafnvel sungið við fleiri vísur sem þau kunna.

Höfundur þess er ókunnur. Hreyfileikurinn er skemmtilegur og auðvelt að grípa til hans í bekkjarkennslu því þetta er svokallaður sitjandi dans.

Ítarefni:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrefur/islandadurfyr.htm>

Þessi krækja er með bókinni *Ísland áður fyrr*. Krækjan er í orðasafn og eru þar myndir og nöfn af áhöldum.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrefur/ordasafn.htm>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu eldhúsið*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/Eldh%C3%BAsi%C3%B0.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu eldhúsið*.

http://vefir.nams.is/komdu/eldhusid/eld_frames.htm

Faðir þinn er róinn

Þessi vísa er við sömu laglínu og dansinn *Stígur hún við stokkinn*. Þetta er þjóðvísa og svokallaður róðrarleikur. Ása Ketilsdóttir nefndi að börn hefðu leikið róðrarleik við þetta lag (Ása Ketilsdóttir, munnleg heimild, 7. janúar 2015). Hér er hægt að tala um störf á árum áður, fiskveiðar og kannski sjálfbærni, að fólk þurfti sjálft að afla sér matar með veiðum svo dæmi sé tekið. Einnig er hægt að ræða mat og geymslu matvæla á árum áður og skoða bókina *Komdu og skoðaðu eldhúsið* (Gunnhildur Óskarsdóttir & Ragnheiður Hermannsdóttir, 2003). Í bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) er komið inn á fiskveiðar. Dansinn eða hreyfileikurinn hentar vel ungum börnum. Á árum áður voru róðrarleikir yfirleitt þannig að tvö börn sátu á gólfi eða uppi í rúmi, hvort á móti öðru, studdu höndum saman og studdu saman iljum. Róið var fram og aftur og lagið sungið í takt við hreyfinguna (Una Margrét Jónsdóttir, 2010: 23).

Ítarefni:

Þessi krækja er í vef Árnastofnunar en þar eru upplýsingar um fiskveiðar sem hægt er að skoða og jafnvel sýna börnum.

<http://www.arnastofnun.is/page/audlindin>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu eldhúsið*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/Eldh%C3%BAsi%C3%B0.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu eldhúsið*.

http://vefir.nams.is/komdu/eldhusid/eld_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3h%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Guð gaf mér eyra

Í vísunni við þennan dans er sungið um Guð og því hægt að nota dansinn í trúarbragðafræði. Einnig er sungið er um líkamshlutana sem Guð gaf okkur og því hægt að tengja hann kennslu um líkamann. Bókin *Komdu og skoðaðu líkamann* (Gunnhildur Óskarsdóttir & Ragnheiður Hermannsdóttir, 2001) er með fræðslu um líkamann sem hægt er að nota ef kennari vill. Dansinn og hreyfingarnar eru rólegar og mér hefur þótt hann henta vel sem lokadans með yngri börnum. Hann hentar vel á yngsta stigi grunnskólans. Mér finnst mjög gott að hafa nokkurn stíganda í danstímunum, sérstaklega með yngstu börnunum, þar sem ég byrja oft á einhverskonar nafnalögum eða kynningu. Í danstímanum fer ég svo í fjölbreytta dansa en enda oft á slökun eða rólegum dansi. Ég stóð í þeirri trú að lagið væri þjóðlag þar til að ég fékk að heyra hjá leiðbeinanda mínum, Helgu Rut, að þetta væri erlent lag („Go tell aunt Rhody”). Í öllum heimildum sem ég hef komist yfir hefur þetta verið skráð sem íslenskt þjóðlag. Dansinn er hringdans sem ég lærði sjálf sem barn og hef alltaf haldið upp á.

Ítarefni

Tónlist:

Hér er krækja í lagið flutt af Gerði Bolladóttur sópran og Hlín Erlendsdóttur víólín/fiðluleikara. Lagið er fallega flutt en er hér sungið hæggar en ef dansað er við það. Vísurnar eru líka fleiri en í námsefninu og ekki allveg eins.

<https://www.youtube.com/watch?v=WolxCbx0QIM>

Annað:

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu líkamann*.

http://vefir.nams.is/komdu/likamann/likaminn_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu líkamann*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/Komdu-og-sko%C3%B0a%C3%B0u-l%C3%ADkamann.pdf>

Hvað kanntu'að vinna?

Dansinn er stundum einnig kallaður *Baggalútur* og er eftir Sigríði Þ. Valgeirsdóttur. Vísan lýsir verkum sem þarf að vinna og líkt er eftir hreyfingum verkanna. Gott er að tengja þennan dans við ýmsar námsgreinar, svo sem íslensku og samfélagsfræði. Gaman er að ræða um vísuna og verkin, svo sem að spinna, elta skinn, sópa hús og bera inn ask og mætti skoða bækurnar *Ísland áður fyrr* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a, 1995b, 1997) en í þeim er fjallað um fjölskylduna, heimilið og störf. Með bókunum fylgja kennsluleiðbeiningar en auk þess er vísað á krækjur hér í ítarefni. Í bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) er komið inn á vinnu með ull og fleiri störf. Dansinn hentar börnum á öllum aldri. Ég ákvað að taka hann með því hann er merkilegur að því leyti að þetta er elsti íslenski leikjasöngurinn þar sem vitað er um höfund lagsins og elsti íslenski leikjasöngurinn með frumsöndu lagi beinlínis fyrir börn (Una Margrét Jónsdóttir, 2009: 57). Ég hef mjög oft notað hann í kennslu með börnum og finnst þeim lagið skemmtilegt sem og umræðan um verkin.

Ítarefni:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrurvefur/islandadurfyr.htm>

Þessi krækja er með bókinni *Ísland áður fyrr*. Krækjan er í orðasafn og eru þar myndir og nöfn sem tengjast tóvinnu.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrurvefur/islandrokkur.htm>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3h%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Hver var að hlæja?

Þessi dans er einnig stundum kallað *Kötturinn*. Vísan er skemmtileg og hægt að tengja hana við kenngu um húsdýrin þar sem köttur er eitt af viðfangsefnum. Ekki er vitað um höfund hennar. Bókin *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera* (Sólrun Harðardóttir & Hrefna Sigurjónsdóttir, 2006) gæti verið áhugaverð aflestrar og einnig eru til fjölmargar bækur á skólabókasöfnum um köttinn og önnur húsdýr. Vísað er hér á nokkrar krækjur með efni sem gaman er að skoða. Einnig er hægt að skoða *Ísland áður fyrr, störfín* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1997) en í henni er aðeins fjallað um dýrin á bænum. Með bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar. Dansinn er rólegur og hentar vel yngstu börnum grunnskólans en ég hef einnig notað hann með börnum á miðstigi og þá er hann góður til að leggja áherslu á atriði eins og innri og ytri fót og til að ræða um dansáttirnar, rangsælis og réttisælis. Lagið er nokkuð þekkt en ekki er vitað um höfund þess.

Ítarefni:

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*.

http://vefir.nams.is/komdu/dyrin_gera/dyrin_gera_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/Hva%C3%B0-d%C3%BDringera.pdf>

Þessi krækja er inn á skemmtilegan vef Námsgagnastofnunar um húsdýrin. Þar geta nemendur fundið miklar upplýsingar um ketti og önnur húsdýr, fróðleik, myndbönd og fleira.

<http://www1.nams.is/husdyr/>

Kindur jarma í kofunum

Næsti dans er valinn vegna vísunnar, *Kindur jarma í kofunum*, sem er gamall húsgangur. Húsgangar voru höfundarlausar vísur sem gengu á milli bæja (húsa). Sumar þeirra urðu þjóðareign sem hvert barn kunnir. Fólk gleymdi hver hafði ort þær og tilefninu líka. Fleiri húsgangar eru í námsefninu, *Klappa saman lófunum*, *Krummi krunkar úti* og *Krummi snjóinn kafaði*. Þennan dans er gaman að tengja við hvers konar umfjöllun um dýr því í vísunni eru dýrin nefnd (kindur, kýr, hestar og hundar), íverustaður þeirra (kofar, básar, hagar og bæir) og hljóðin sem þau gefa frá sér (þau jarma, baula, hneggja og gelta). Samþætting við verkefni um húsdýrin er því tilvalið. Bókin *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera* (Sólrun Harðardóttir & Hrefna Sigurjónsdóttir, 2006) gæti verið áhugaverð aflestrar og einnig eru til fjölmargar bækur á skólabókasöfnum um húsdýr. Vísað er hér á nokkrar krækjur með efni sem gaman er að skoða. Einnig er hægt að skoða *Ísland áður fyrr, störfín* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1997) en í henni er aðeins fjallað um dýrin á bænum. Með bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar. Dansinn hentar vel með börnum á yngsta stigi og miðstigi því hann er ekki flókinn en þó þarf að búa til hlið, tveir og tveir saman, fara undir hlið og skipta svo um hlutverk. Það reynir því svolítið á dansarana sem er gaman. Dansinn er fyrir fjögur börn í hring og ef fjöldi barna sem dansar passar ekki við töluna þarf að láta börnin skiptast á svo allir fá að prófa. Lagið er þjóðlag og skráð í Þjóðlagasafni Sr. Bjarna Þorsteinssonar (1906 – 1909: 618). Óvíst er um höfund dansins en Kolfinna hafði kennt hann lengi og átti hann handskrifaðan á gömlu blaði.

Ítarefni

Tónlist:

Hér er krækja í myndband þar sem lagið er spilað á selló og píanó.

<https://www.youtube.com/watch?v=esvhVTGV24o>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*.

http://vefir.nams.is/komdu/dyrin_gera/dyrin_gera_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/Hva%C3%B0-d%C3%BDrin-gera.pdf>

Þessi krækja er inn á skemmtilegan vef Námsgagnastofnunar um húsdýrin. Þar geta nemendur fundið miklar upplýsingar um húsdýr, fróðleik, myndbönd og fleira.

<http://www1.nams.is/husdyr/>

Klappa saman lófunum

Vísa þessi er húsgangur og má sjá nánari umfjöllun um þá við dansinn *Kindur jarma í kofunum*. Í annarri heimild er hún kölluð lausavísa en svo voru stök erindi kölluð sem ekki tilheyrðu neinu einstöku ljóði. Lausavísur voru oft ortar út af einstökum atburðum eða atvikum. Í vísunni eru mörg orð sem hægt er að ræða um og rýna í auk þess að hún segir svolítið frá því sem fólk þurfti að gera á árum áður: reka fé úr múum, tölta á eftir tófum og tína egg úr spóum. Í bókinni *Ísland áður fyrr, störfín* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1997) er fjallað um störf sem unnin voru í sveitum og því hægt að tengja það innihaldi vísunnar. Með bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar en auk þess er vísað á krækjur hér í ítarefni. Bókin *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) gæti líka verið áhugaverð því þar er líka fjallað um störf sem unnin voru til sveita. Þetta er klappleikur sem hefur örugglega verið mikið sunginn í gegnum tíðina. Ég er nokkuð viss um að mjög margir foreldrar, afar og ömmur, hafa sungið og klappað þennan leik með börnunum sínum. Börn hafa ánægju af að syngja og hreyfa sig í takt við lög, klappa eða stíga, með fullorðna fólkinu. Foreldrar gera þetta ómeðvitað og má líta á svona samskipti sem upphaf tónlistaruppeldis (Sigríður Pálmadóttir, 2010: 40). Leikurinn er vissulega mjög auðveldur og líklega helst fyrir börn í fyrsta bekk, hann hentar einnig leikskólabörnum. Ýmis lög eru notuð við þessa vísu en hér nota ég lag sem er sagt vera þjóðlag í heimild minni. Leiðbeinandi minn, Helga Rut, benti mér hins vegar á að þessi laglína er eftir *Al Dexter* en ekki þjóðlag. Lagið er þekkt og notað við fleiri lausavísur. Fleiri skemmtilegir klappleikir eru til og má finna þá í ýmsum bókum eins og til dæmis bók Unu Margrétar Jónsdóttur, *Allir í leik I* (2009).

Ítarefni:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrvefur/islandadurfyrr.htm>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Krummadansar

Næstu þrjú dansarnir eru dansar við krummavísur. Þeir eru allir eftir Kolfinnu Sigurvinsdóttur. Lögin eru öll gömul eða þjóðlög, og vísurnar einnig. Gaman er að endurvekja vísur þessar því ég tel að þær séu ekki allar mjög þekktar í dag. Krummi hefur verið vísaskáldum hugleikinn í gegnum tíðina og eigum við margar vísur um hann eins og sjá má í bókinni *Íslenskir vikivakar og vikivakavæði* (Ólafur Davíðsson, 1894). Í sumum skólum er fjallað um krumma á yngsta stigi og því tilvalið að kenna vísurnar og dansana við það tækifæri. Verkefni um krumma er tilvalið að tengja við myndlist og láta nemendur búa til sinn eigin krumma. Krummi á mörg nöfn á íslensku og hægt væri að fara í heimildavinnu að finna þau og vinna með þau. Í bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera* (Sólrún Harðardóttir & Hrefna Sigurjónsdóttir, 2006) er umfjöllun um dýr og á vef Námsgagnastofnunar er umfjöllun um dýr sem og í kennsluáætlun Sigurlínu sem nefnd er hér á eftir, þar vísar hún einmitt í krummavísur.

Ítarefni tengt krummavísu:

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*.

http://vefir.nams.is/komdu/dyrin_gera/dyrin_gera_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/Hva%C3%B0-d%C3%BDringera.pdf>

Krummi krunkar úti

Vísan *Krummi krunkar úti* eru skemmtileg og fjörug. Hún er gamall húsgangur og má sjá nánari umfjöllun um þá við dansinn *Kindur jarma í*

kofunum. Þetta er nokkuð hraður dans, með valhoppi og sporhoppi. Dansinn hef ég notað mikið með yngstu börnum grunnskólans en einnig með elstu börnum leikskólans. Þá hentar vel afbrigði dansins, sem Kolfinna samdi einnig við hann, en það er einfaldara. Dansinn hentar ágætlega á miðstigi líka. Lagið er nokkuð fjörugt, skráð í Þjóðlagasafn Sr. Bjarna Þorsteinssonar (1906 - 1909: 510). Að sjálfsögðu er svo hægt að blanda saman upprunalega dansinum og afbrigðinu.

Ítarefni

Tónlist:

Krækja þessi er í lagið *Krummi krunkar úti* sem tríóið *Río Tríó* flytur.

<https://www.youtube.com/watch?v=v9oUGOZx2sl>

Krummi snjóinn kafaði

Næstur er dansinn *Krummi snjóinn kafaði*. Ég held að þessi vísa og lagið sé ekki mjög þekkt, að minnsta kosti ekki meðal barna. Vísan er gamall húsgangur og tilvalið að ræða við börnin um húsganga og kynna fleiri fyrir þeim, má sjá nánari umfjöllun um þá við dansinn *Kindur jarma í kofunum*. Höfundur dansins, Kolfinna, samdi hann þannig að gaman er að dansa hann ásamt næsta dansi, *Krumminn í hlíðinni*, til skiptis, í framhaldi hvor af öðrum. Þó standa dansarnir einnig sem sjálfstæðir dansar. Dansarnir eru skráðir fyrir átta dansara, það er að segja fjögur pör í röð. Ef fyrri dansinn er einungis dansaður, *Krummi snjóinn kafaði*, er hægt að vera með eins mörg pör og fjöldi barnahópsins segir til um. Lagið er þululag og í *Söngvasafninu* (2012: 135) er það útsett af Jórunni Viðar tónskáldi. Dansinn er frekar einfaldur og hentar á öllum stigum.

Krumminn í hlíðinni

Vísan er gömul þula og skemmtileg. Í henni eru orð sem vert er að ræða við nemendur og útskýra, svo sem: að raka ljá, spíssnefur, puntstrá og jafnvel fleiri. Í vísunni er rætt um þrjár tegundir fugla: krumma, lóu og spóa. Dansinn gæti því hentað vel í vinnu með fugla, annaðhvort í þemavinnu eða í vinnu með bækur um aðrar fuglategundir. Lagið er fallett þjóðlag. Þessi dans er skráður fyrir fjögur pör, átta dansara. Kennari getur að sjálfsögðu breytt dansinum þannig að hann henti hópnum ef hann vill eða látið dansara skiptast á að dansa. Algengt er að í bekkjum í dag séu um 20 nemendur. Fyrir tvær raðir þarf 16 dansara, þrjár raðir 24 dansara og því ólíklegt að í venjulegri bekkjarstærð gangi þessi tala upp. Mögulegt er að hafa fleiri pör í röð og láta stundum tvö og tvö pör hoppa á milli raðanna í

stað eins pars eins og er í danslýsingunni. Dansinn er ekki mjög flókin og hentar vel í 3. bekk og upp úr. Hann er gaman að dansa til skiptis við *Krummi snjóinn kafaði* en stendur líka vel einn og sér.

Mars

Næstur í röðinni er *Mars*. Þetta er eini dansinn í námsefninu sem er ekki með vísu og ekki fylgja honum heldur nótur. Þó er bent á ýmis lög sem henta vel þegar *Mars* er dansaður. Upphaflega hafði ég ekki hugsað mér að hafa hann í námsefninu en hef prófað hann með ýmsum hópum og börnum finnst hann yfirleitt mjög skemmtilegur. Jafnvel svo skemmtilegur að beðið er um hann sérstaklega. Ég tek alls kyns afbrigði sem sjá má í námsefninu og prófa með hópunum, börnin geta jafnvel komið með hugmyndir sjálf að afbrigðum. Dansinn hentar vel á miðstigi en ég efast ekki um að hægt er að kenna yngri börnum að marsera með því að byrja rólega og bæta smám saman við dansinn og afbrigðin. Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér sögu marsins er bent á kafla í bókinni *Gömlu dansarnir í tvær aldir* (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir og Mínerva Jónsdóttir, 1994: 261-278) en þar er fjallað um gamla marsinn sem er mun flóknari en þessi samantekt sem er hér í námsefninu.

Ítarefni

Dans:

Krækja þessi er í myndband og á mínútu 2.26 sést smá myndbrot af fólki að marsera.

<https://www.youtube.com/watch?v=UuoTHgpBkF4>

Móðir mín í kví, kví

Sagan sem vísan *Móðir mín í kví, kví* er byggð á er þekkt þjóðsaga, hér á eftir er krækja á söguna. Bókin *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) gæti líka verið áhugaverð því þar er aðeins komið inn ýmislegt varðandi þjóðtrú, þjóðsögur, þjóðbúninga og fleira sem gæti tengst sögunni. Þegar ég kenni þennan dans ræði ég gjarnan um söguna en flest börn á miðstigi þekkja hana. Dansinn er rólegur en sporið “að mala korn” er þó frekar fyrir eldri börn, til dæmis á miðstigi. Gaman er að kenna sporið sem er lýst í námsefninu. Lagið er fallett en dálítið tregafullt og í takt við innihald sögunnar og vísunnar sem er sorglegt.

Ítarefni

Tónlist:

Þessi krækja er í lagið *Móðir mín í kví, kví*.

<https://www.youtube.com/watch?v=w4qECgRnV64>

Saga:

Krækja þessi er í stutta útgáfu af sögunni *Móðir mín í kví, kví*.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/kvikvi.htm>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Nú er frost á Fróni

Þegar ég skrifa þessi orð er annar dagur þorra og því er mjög auðvelt að setja sig inn í vísuna. Vísan *Nú er frost á Fróni*, eða *Þorraþræll*, er eftir Kristján Jónsson og er með mörgum sterkum orðum. Frost á Fróni, frýs í æðum blóð, hriðarbyl, kuldaél og fleiri orð fá kuldann til að hríslast um mann. Þennan dans kenni ég ávallt á þorranum. Stundum ræði ég um gömlu mánuðina eða ég tengi hann allt öðru, til dæmis þorramat. Í bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) er komið inn á fiskveiðar, þar er einnig rætt um gömlu mánuðina svo eitthvað sé nefnt. Í bókunum *Ísland áður fyrr, heimilið* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995b) er komið inn á mat og eldamennsku. Með bókunum fylgja kennsluleiðbeiningar en auk þess er vísað á krækjur hér í ítarefni. Einnig er hægt að ræða um veður í tengslum við vísuna eða verk manna, það er að segja skipstjórans, hásetans, búandans (ábúandans), bóndans og hjúanna. Vísan, sérstaklega fyrsta erindið, er oft sungin í skólum og kunna mörg börn hana. Dansinn er nokkuð hraður, rennispor til hliðar og sporhopp. Dansarar skiptast á að dansa suma kafla dansins og eru þá í pörum, dömur og herrar, eða í pörum og með númerin 1 og 2. Dansinn hentar vel á miðstigi og jafnvel með eldri börnum. Hægt er að einfalda hann til að dansa með yngstu börnunum. Lagið er talið þjóðlag í flestum heimildum sem ég hef skoðað. Í *Söngvasafninu* (2012: 152) sá ég í fyrsta sinn nefndan höfund af laginu. Dansinn er fjörugur og skemmtilegur og vekur yfirleitt lukku meðal barna.

Ítarefni

Tónlist:

Krækja þessi er í myndband þar sem skólabörn syngja *Þorraþræl*.

<https://www.youtube.com/watch?v=wxPdXLbd0a4&list=PLfY-79bXvGjtMOiWe9efAN47dqYhtqJ15>

Annað:

Þessi krækja er í vef Árnastofnunar en þar eru upplýsingar um fiskveiðar sem hægt er að skoða og jafnvel sýna börnum.

<http://www.arnastofnun.is/page/audlindin>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrurvefur/islandadurfyr.htm>

Þessi krækja er með bókinni *Ísland áður fyrr*. Krækjan er á orðasafn og eru þar myndir og nöfn af áhöldum sem tengjast matargerð.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrurvefur/ordasafn.htm>

Ólafur reið með björgum fram

Vísa þessi er úr fornkvæði sem heitir Ólafur liljurós. Fornkvæði þetta er skv. Sr. Bjarna Þorsteinssyni (1906 - 1909: 491) til hjá mörgum þjóðum en vísan sem hér er notuð er skráð sem íslensk þjóðvísa. Hér er tilvalið að skoða kvæðið um Ólaf liljurós, ræða um álfa og samskipti þeirra við menn. Í bókinni *Ísland áður fyrr, fjölskyldan* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a) er talað um sögur sem sagðar eru, meðal annars álfasögur. Ég tengi álfadansa oft við þrettándann, segi nemendum sögur og ræði um þá trú að álfar, huldufólk og aðrir vættir kæmu fram á þessum degi. Þrettándagleði er enn haldin á nokkrum stöðum og oft er dansað við brennur. Með dansinum *Stóð ég úti í tunglsljósi* er einmitt vísað í krækju sem sýnir myndbrot frá þrettándabrennu. Bókin *Komdu og skoðaðu íslenska*

Þjóðhætti (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) gæti líka verið áhugaverð því þar er fjallað um ýmsa vætti tengda jólum og áramótum. Sr. Bjarni Þorsteinsson sagði einnig að lagið sé þjóðlag og svo almennt að næstum hvert mannsbarn kunni það (Bjarni Þorsteinsson, 1906 - 1909: 491). Dansinn er vikivaki en er nokkuð flóknari en venjulegur vikivaki og hentar því helst duglegum nemendum á miðstigi og nemendum þaðan af eldri.

Ítarefni

Tónlist:

Hér er krækja þar sem lagið um Ólaf liljurós er sungið.

<https://www.youtube.com/watch?v=Qwfl6nvCSHl>

Dans:

Þessi krækja er í fimm mínútna langt myndband. Á fyrstu mínútu þess er dansinn *Ólafur reið með björgum fram* dansaður af félögum í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur. Forsöngvari syngur vísunar en dansarar taka undir í viðlaginu en það var algengt að gert væri. Næstu mínúturnar er mjög áhugaverð umfjöllun um íslenska þjóðbúninga.

<https://www.youtube.com/watch?v=9y34cnX0dk0>

Saga:

Á síðu 38 í þessu skjali er góð umfjöllun um kvæði og sagnadansa. Einnig eru hugmyndir að umræðum, ábendingar og verkefni. Reyndar er rangt sem sagt er að sporið í íslenskum vikavaka sé tvö skref til hægri og eitt til vinstri þó þannig sé það kannski í færeyskum vikivaka. Íslendingar dansa tvö skref til vinstri og eitt skref til hægri.

http://www.nams.is/pdf/blakapa/blakapa_klb.pdf

Annað:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrurvefur/islandadurfyr.htm>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Pílaranda

Þá er komið að einum uppáhaldsdansinum mínum og jafnvel þeim þjóðlegasta ef svo má segja. Vísan er hálfgerð bullvísa með skrýtnum orðum en *Pílaranda* er gamall nafnaleikur og eiginlega stígdans sem virðist íslenskur því hann finnst ekki annars staðar svo vitað sé. Una Margrét Jónsdóttir hefur leitað til Danmerkur og fleiri landa að þessum leik en ekki fundið (Una Margrét Jónsdóttir, 2009: 55 – 56). Sigríður Þ. Valgeirsdóttir talar einnig um dansinn í bók sinni *Íslenskir söngdansar í þúsund ár* og segir hann bera merki gamla stígdansins bæði varðandi spor og vísu (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 2010: 58). Ég hef kennt hann mörgum börnum á ýmsum aldri og þau hafa nær öll haft mjög gaman af honum. Ég hef notað hann í þema um *Ísland áður fyrr* og ræddi þá um að líklega dönsuðu jafnaldrar barnanna þennan sama dans fyrir hundrað eða jafnvel tvö hundruð árum síðan. Bækurnar um *Ísland áður fyrr* fjalla um fjölskylduna, heimilið og störfin, með bókunum fylgja kennsluleiðbeiningar en auk þess er vísað á krækjur hér í ítarefni (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a, 1995b, 1997). Í bókinni um fjölskylduna er aðeins komið inn á leiki barna. Sama má segja um bókina *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009). Eitt árið vakti þessi dans sérstaklega mikla lukku í þema hjá mér og sá ég til barnanna syngjandi og dansandi á göngum skólans og að kenna öðrum börnum dansinn. Það þótti mér mjög gaman að sjá. Kannski ekki skrítið að þessi dans hafi lifað svo lengi hjá þjóðinni því hann er grípandi og skemmtilegur. Tónlistin er eftir ókunnan höfund. Kolfinna lærði dansinn sem barn og óvíst er hvaðan hann er kominn.

Ítarefni:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrefur/islandadurfyr.htm>

Á síðu Þjóðlagasetursins á Siglufirði má skoða upplýsingar og bækling um mynddisk sem gefinn var út með þjóðdönsum og þjóðlegri tónlist. Á þessum diskum má finna dansinn *Pílaranda* dansaðan af fjórum ungum stúlkum.

http://www.folkmusik.is/is/page/raddir_islands/

Stígur hún við stokkinn

Þetta er þjóðvísa sem hefur verið sungin við fleiri en eitt lag. Hér nota ég þjóðlag sem jafnframt er notað við aðrar þekktar vísur svo sem *Faðir þinn er*

róinn, Dó, dó og dumma og Við skulum róa sjóinn á (Helga Gunnarsdóttir & Ragnheiður Gestsdóttir, 1985: 78). Við vísuna er stigið í takt við lagið og því má flokka dansinn sem auðveldan stígdans og myndi ég helst dansa hann með allra yngstu nemendum. Í bókinni *Ísland áður fyrr, fjölskyldan* er aðeins komið inn á leiki barna (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a). Sama má segja um bókina *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009). Lagið er fallett og vísan einnig. Ég er sannfærð um að oft hefur verið stigið við þessa vísu í baðstofum landsins, ekki þarf mikið pláss til þess.

Ítarefni:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrvefur/islandadurfyrr.htm>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Stóð ég úti í tunglsljósi

Næstur er álfadansinn *Stóð ég úti í tunglsljósi*, eða *Álfareiðin*, og valdi ég hann vegna dansanna sem eru tveir. Ljóðið er upprunalega eftir H. Heine en íslenska þýðingu, eða íslenska útgáfu af ljóðinu, gerði Jónas Hallgrímsson. Gaman er að rýna í vísuna og spá í innihaldið. Í bókinni *Ísland áður fyrr, fjölskyldan* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a) er talað um sögur sem sagðar eru og eru þar álfasögur nefndar. Ég tengi álfadansa oft við þrettándann, segi nemendum sögur og ræði um þá trú að álfar, huldufólk og aðrir vættir kæmu fram á þessum degi. Þrettándagleði er enn haldin á nokkrum stöðum og oft er dansað við brennur. Bókin *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009) gæti líka verið áhugaverð því þar er fjallað um ýmsa vætti tengda jólum og áramótum. Sr. Bjarni Þorsteinsson segir að það sé útlendur blær á laginu en það sé mjög almennt um allt land (Bjarni Þorsteinsson 1906 - 1909: 667) Höfundur lagsins er þó ókunnur. Í námsefninu eru tveir dansar sem eru misþungir. Sá fyrri hentar öllum aldri en hinn síðari, vikivakinn,

miðstigi og eldri. Vikivakar eru fremur einfaldir en þessi dans er með hællyftum og því örlítið flóknari. Dansarnir eru fremur ólíkir en báðir skemmtilegir.

Ítarefni

Tónlist:

Þessi krækja er í lagið *Stóð ég úti í tunglsljósi* sungið af *Tónbræðrum*. Hraðinn á þessu lagi er ágætur til að dansa við.

<https://www.youtube.com/watch?v=rdnfR3X5ERY>

Saga:

Á síðu 25 í þessu skjali er talað um vísuna og bakgrunn hennar. Bent er á málfræðiæfingar, verkefni og annað ítarefni. Til dæmis er talað örlítið um álfadans, brennur og áramót og bent á nánari umfjöllun um það í bókinni *Saga daganna* eftir Árna Björnsson.

http://www.nams.is/pdf/blakapa/blakapa_klb.pdf

Annað:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrrefur/islandadurfyr.htm>

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3h%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Krækja þessi er í myndband af þrettándagleði í Vestmannaeyjum. Fyrir þá sem aldrei hafa verið við þrettándabrennu er gaman að skoða myndbandið en þar gefur á að líta ýmsa vætti, misþjóðlega þó, og ef rýnt er vel í myndbandið má sjá álfa dansa í kringum brennuna. Lagið sem spilað er undir er einmitt *Stóð ég úti í tunglsljósi*. Á mínum æskuárum var ætíð þrettándabrenna á Melavellinum í Reykjavík þar sem komu fram ýmsir vættir, álfar og tröll. Álfakóngur og drottning mættu þar, stundum á hestum. Fólk í þjóðbúningum dansaði svo álfadansa í kringum brennuna.

<https://www.youtube.com/watch?v=ocbxxHRad7w>

Stúlkurnar ganga

Nú er komið að eina dansinum í námsefninu sem ég samdi sjálf, *Stúlkurnar ganga*. Vísan er til í nokkrum útgáfum, eins og kemur fram í námsefninu, og segir Bjarni Þorsteinsson (1906 - 1909: 562) að hann hafi lært textann af konu sinni og sé hann upphaf á fornri danspulu sem er í bókinni *Íslenskir vikivakar og vikivakavæði* (Ólafur Davíðsson, 1894: 384 - 386). Ég valdi þá útgáfu vísunnar sem passar við þann lagstúf sem ég þekkti en hann er skráður í Þjóðlagasafni sr. Bjarna Þorsteinssonar (1906 - 1909: 561-562). Í vísunni er klæðnaði stúlku lýst og svipar því að nokkru leyti til frægrar vísu Jónasar Hallgrímssonar *Buxur, vesti, brók og skó*. Við þessa vísu er gaman að fara í umfjöllun um klæðnað á árum áður og þjóðbúninga. Aðeins er komið inn á fatnað fólks í bókinni *Ísland áður fyrr, fjölskyldan* (Kristín Á. Þorsteinsdóttir & Halldóra Kristinsdóttir, 1995a). Með bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar en auk þess er vísað á krækjur hér í ítarefni. Bókin *Komdu og skoðaðu land og þjóð* (Sigrún Helgadóttir, 2001) kemur líka örlítið inn á þjóðbúninga sem og bókin *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (Sigrún Helgadóttir & Sólrún Harðardóttir, 2009). Sr. Bjarni Þorsteinsson (1906 - 1909: 561-562) segist einnig hafa lært lagið af konu sinni og ekki hafa heyrt það annars staðar. Laglínan er stutt og endurtekin tvisvar sinnum í gegn. Ekki hef ég samið marga dansa en þótti það mjög skemmtilegt því lagið er í miklu uppáhaldi hjá mér. *Stúlkurnar ganga* dansaði ég sjálf á stórri sýningu Þjóðdansafélags Reykjavíkur fyrir 20 árum, nánar tiltekið í janúar 1995. Dansinn sem þá var dansaður var kvennadans og ekki heppilegur fyrir börn að mínu mati. Mér finnst lagið mjög fallett og þegar ég samdi dansinn grandskoðaði ég marga íslenska dansa og valdi spor og hreyfingar úr þeim sem ég setti saman við lagið. Dansinn hentar vel fyrir börn á miðstigi og eldri.

Ítarefni:

Þessi krækja er í síðu með bókinni *Ísland áður fyrr* og er hægt að skoða ýmislegt þar sem tengist Íslandi áður fyrr.

<http://www.ismennt.is/not/lilj/islandadurfyrirvefur/islandadurfyrir.htm>

Þessi krækja er beint í umfjöllun um klæðnað áður fyrr tengd bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Þessi krækja er í kennsluáætlun í byrjendalæsi með bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Kennsluáætlunin er unnin af Sigurlínu Jónsdóttur og er megináherslan á tónlist tengda námsefninu.

<http://skrif.hi.is/tonmennt/files/2014/08/%C3%8Dslenskir-%C3%BEj%C3%B3%C3%B0h%C3%A6ttir.pdf>

Þessi krækja er í vefefni á síðu Námsgagnastofnunar tengt bókinni *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*.

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Þessi krækja er í fimm mínútna langt myndband. Á fyrstu mínútu þess er dansinn *Ólafur reið með björgum fram* dansaður af félögum í Þjóðdansafélagið Reykjavíkur. Næstu mínúturnar er mjög áhugaverð umfjöllun um íslenska þjóðbúninga

<https://www.youtube.com/watch?v=9y34cnX0dk0>

Hér er krækja í vef Þjóðbúningaráðs en þar er hægt að skoða ýmislegt um íslenska þjóðbúninga.

<http://buningurinn.is/>

5 Lokaorð

Vinna við þessa ritgerð hefur bæði verið áhugaverð og erfið. Þar sem heimildir um efnið eru af skorum skammti var nauðsynlegt að rýna vel í allt tiltækt efni og því sem næst að lesa á milli línanna. Sá skortur sem er á heimildum um dans fyrir börn gefur tilefni til þess að ætla að ekki hafi verið til sérstakir dansar fyrir börn á 18. og 19. öld en þau frekar tekið þátt í dansi með fullorðnum. Mikilvægi þess að miðla menningararfinum sem felst í þjóðdönsum er ein uppspretta þessa verkefnis og því er það von mín að þetta námsefni sé skemmtilegt. Einnig að auðvelt sé að grípa til þess í almennri kennslu og það sé góð viðbót við það sem til var fyrir. Það eykur líkurnar á að efnið sé notað og menningararfinum miðlað til nemenda.

Heimildaskrá

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2007a). Dans i forskning og hōjere uddannelse i Island í E. Bakka & G. Biskop (ritstjórar), *Norden i dans* (bls. 634-636). Oslo: Novus.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. (2007b). Indsamling og udgivelse af folkeminder – især danseballader – i Island. Í E. Bakka & G. Biskop (ritstjórar), *Norden i dans* (bls. 87-92). Oslo: Novus.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Íþróttir /1976.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Tónmennt /1976.
- Aðalnámskrá grunnskóla /1989.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Íþróttir – líkams-og heilsurækt /1999
- Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar /1999.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Arngrímur Jónsson. (1985). *Crymogæa. Þættir úr sögu Íslands*. (Jakob Benediktsson, þýddi og samdi inngang og skýringar). Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur.
- Árni Björnsson. (1993). *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Árni Björnsson. (2006). *Saga jóllanna*. Ólafsfjörður: Tindur.
- Bjarni Þorsteinsson. (1906 – 1909). *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn: Carlsbergsjóðurinn.
- Creative dance center. (e.d.). Founder. Sótt 10. janúar 2015 af: <http://creativedance.org/about/founder-and-artistic-director/>
- Mirus, J., White, E., Bucek, L.E. og Paulson, P. (1993). *Dance Education Initiative curriculum guide*. Golden Valley, Minn: Minnesota Center for Arts Education.
- Dóra Hafsteinsdóttir (ritstjóri). (1990). *Íslenska alfræðiorðabókin*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Eisner, E.W. (2002). *The arts and the creation of mind*. New Haven: Yale University.
- Emblem, T., Hetland, O., Libæk, I., Stenersen, Ö., Sveen, A., og Aastad, S.A. (1995). *Heimsbyggðin: Saga mannkyns frá öndverðu til 1850* (Sigurður Ragnarsson, þýð.). Reykjavík: Mál og menning.
- Fornir dansar*. (1946). Ólafur Briem sá um útgáfu. Reykjavík: Hlaðbúð.

- Friedland, L. (1987). Dance: Popular and Folk Dance. Í Eliade M. (ritstjóri), *The Encyclopedia of Religion* (4.bindi, bls. 212-221). New York: Macmillan.
- Friedland, L. (1998). Folk dance history. Í Cohen, S. (ritstjóri), *International encyclopedia of dance* (3.bindi, bls. 29-38). Oxford: Oxford University Press.
- Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. (2014). List- og verkgreinar. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 241 – 275). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gilbert, A.G. (2005). Dance Education in the 21st Century. *Journal of Physical Education, Recreation & Dance*, 76 (5), 26-35.
- Gunnell, T. (1995). *The origins of drama in Scandinavia*. Cambridge: D.S. Brewer.
- Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. (2001). *Komdu og skoðaðu líkamann*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. (2003). *Komdu og skoðaðu eldhúsið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1949). *Kvæði og leikir handa börnum* (3. útgáfa). Akureyri: Höfundur.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2008). Útbreiðsla tónmenntakennslu, aðstæður og viðhorf: Viðtöl við skólastjóra og tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum [rafræn útgáfa]. *Tímarit um menntarannsóknir* (5), 63 – 76.
- Helga Gunnarsdóttir og Ragnheiður Gestsdóttir. (1986). *Fljúga hvítu fiðrildin: Söngbók barnanna*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Helgi Valtýsson. (1930). *Vikivakar og söngleikir*. Reykjavík: Sambandsstjórn U.M.F.Í.
- Hreinn Steingrímsson. (2000). *Kvæðaskapur*. Reykjavík: Mál og mynd.
- Kolfinna Sigurvinsdóttir og Hulda Sverrisdóttir. (2000). *Danskennsla 1. – 4. bekkur*. Reykjavík: Höfundar.
- Kolfinna Sigurvinsdóttir og Hulda Sverrisdóttir. (2002). *Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólabörn*. Reykjavík: Höfundar. Viðauki við bókina gefinn út 2008.

- Kristín Indriðadóttir. (1995). Hugmyndir Steingríms Arasonar um kennslu og skólastarf: uppruni og afdrif [rafræn útgáfa]. *Uppeldi og menntun* (4), 9-33.
- Kristín Á. Þorsteinsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir. (1995a). *Ísland áður fyrr, fjölskyldan*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Kristín Á. Þorsteinsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir. (1995b). *Ísland áður fyrr, heimilið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Kristín Á. Þorsteinsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir. (1997). *Ísland áður fyrr, störfín*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Lýður Björnsson. (1978). Reykjavíkurböll. *Leikskrá Þjóðdansafélags Reykjavíkur*. Dönsum dátt. Reykjavík: Þjóðdansafélag Reykjavíkur.
- Lög um grunnskóla nr. 49/1991. Skoðað 11. apríl 2015 á <http://www.althingi.is/lagas/120a/1991049.html>
- Mörður Árnason (ritstjóri). (2002). *Íslensk orðabók: M-Ö* (3. útgáfa, aukin og endurbætt). Reykjavík: Edda.
- Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, 1960.
- Ólafur Davíðsson. (1894). *Íslenzkir vikivakar og vikivakavæði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ólafur H. Jóhannsson. (2004). Flétta líkama og sálar. Í Börkur Hansen, Jóhanna Einaradóttir, Ólafur H. Jóhannsson (ritstjórar). *Brautryðjendur í uppeldis-og menntamálum* (bls. 121-141). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Robinson, K. (2006). How schools kill creativity. Sótt 4. nóvember 2014 af: http://www.ted.com/talks/ken_robinson_says_schools_kill_creativity.html
- Robinson, K. (2015). Sir Ken Robinson, bio. Sótt 11. apríl 2015 af: <http://sirkenrobinson.com/about-2/>
- Sigfús Blöndal. (1933). *Dans i Island*. Í Hohs. Bröndum-Nielsen, Otto V. Friesen og Magnus Olsen (ritstjórar), *Nordisk kultur*, 24. b. (bls. 163-180). Osló, Kaupmannahöfn: Albert Bonniers Forlag.
- Sigríður Pálmadóttir. (2010). *Tónlist í leikskóla: Það verður hverjum að list sem hann leikur*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1959). *Þjóðdansar I*. Reykjavík: Prentsmiðjan Hólar hf.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir og Mínerva Jónsdóttir. (1994). *Gömlu dansarnir í tvær aldir: Brot úr íslenskri menningarsögu*. Reykjavík: [s.n.].

- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (2010). *Íslenskir söngdansar í þúsund ár: Andblær aldanna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Helgadóttir. (2001). *Komdu og skoðaðu land og þjóð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir og Sólrún Harðardóttir. (2009). *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sólrún Harðardóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. (2006). *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Steingrímur Arason. (1921). *Sextíu leikir, vísur og dansar fyrir heimili, skóla og leikvöll*. Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalielssonar.
- Stephenson, W. (2004). Digging for "historical combines": Representing art education through art-making. *A/r/tography*, 155-172.
- Sveinn Einarsson. (1991). *Íslensk leiklist I: Ræturnar*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Söngvasafn*. (2012). Safnað hafa og valið Ingólfur Guðbrandsson, Snorri Sigfús Birgisson og Þorgerður Ingólfisdóttir. Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Um Alþing. (1842) [rafræn útgáfa]. *Ný félagsrit*, 2 (1-66).
- Una Margrét Jónsdóttir. (2009). *Allir í leik I: Söngvaleikir barna*. Reykjavík: Almenna útgáfan, Bókaútgáfan Æskan.
- Una Margrét Jónsdóttir. (2010). *Allir í leik II: Söngvaleikir barna*. Reykjavík: Almenna útgáfan, Bókaútgáfan Æskan.
- Vappaðu með mér Vala. Ása Ketilsdóttir kveður, syngur og segir sögur*. (2010). [Hljóðdiskur með bæklingi]. [Umsjón með útgáfu: Rósa Þorsteinsdóttir og Skúli Gautason]. Hólmavík: Strandagaldur og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson (1960). *Halldóra Bjarnadóttir, ævisaga*. Reykjavík, Setberg.